



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
12. árgangur
Júní 2010

**EINN RÉTTUR
EKKERT SVINDL**

**MANNSÆMANDI
LÍFEYRI**

1. maí

Aðalfundur

Do członków związku Eining-Íðja

To the members of Eining-Íðja

ถึงสมาชิก Einingu Íðju ททททาน

KJARNAFÆÐI



SUMARLEIKUR KJARNAFÆÐIS 2010



Sápukúlur



Fótbolti



Sippuband



Frisbee



Jôjó með ljósi



SAFNAÐU BOLTUM OG FÁÐU SKEMMTILEG SUMARLEIKFÖNG

Safnaðu boltunum sem eru á pylsupökkunum frá Kjarnafæði og fáðu skemmtileg sumarleikföng.

Settu boltana á þáttökuseðilinn og afhentu það í afgreiðslustöð Kjarnafæðis og veldu leikfang.

Allir þátttakendur lenda í lukkupotti og úr pottinum verða dregnir glæsilegir grillvinningar á Bylgjunni í sumar.

Fáðu nánari upplýsingar á www.kjarnafaedi.is eða í síma 460-7400.

KJARNAFÆÐI PYLSUR

ALLTAF Í SÓKN!

Nýttu þér
gistimiðana frá
Fosshótelum

ALLT KLÁRT
FYRIR ÞÍNA
HEIMSÓKN

Fosshótel vinalegri um allt land

REYKJAVÍK:

Fosshótel Baron
Fosshótel Lind
Fosshótel Suðurgata
Garður Inn gistiheimili

VESTURLAND:

Fosshótel Reykholt

NORÐURLAND:

Fosshótel Dalvík
Fosshótel Laugar
Fosshótel Húsavík

AUSTURLAND:

Fosshótel Vatnajökull
Fosshótel Skaftafell

SUÐURLAND:

Fosshótel Mosfell



Bókaðu á bokun@fosshotel.is

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

FOSSHÓTEL / SIGTÚN 38 / 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 562 4000 / FAX: 562 4001
E-MAIL: sales@fosshotel.is

Einkabankinn í símann þinn á I.is

Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.

Farðu inn á I.is og prófaðu Einkabankinn í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankinn í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.



EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000





Útgefandi: Eining-Íðja

Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 -Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri:

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Þýðingar:

Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Forsíðumynd:

1. maí á Akureyri 2010.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Ásprent

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta,
þó þannig að heimildar sé getið.

Efnisyfirlit

- 6** Undirbúningur kjarasamninga
- 6** Launahækkanir þann 1. júní sl.
- 6** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 6** Athugið!
- 7** Gjögur hf.
- 8** Hefur þú lent í vinnuslysi?
- 8** Lög um vinnustaðaskírteini
- 9** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 9** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 9** Gistimiðar á Fosshótel
- 10** Góður aðalfundur Einingar-Íðju
- 11** Réttindi ekki skert
- 11** Vinningshafar af aðalfundi
- 12** Þrír sæmdir gullmerki félagsins
- 12** Takk fyrir lánið
- 13** Punktar frá aðalfundi
- 13** PACTA lögmenn
- 14** Slippurinn Akureyri ehf.
- 16** Leikhúsferð eldri félagsmanna
- 16** Ferð fyrir eldri félagsmenn
- 17** To the members of Eining-Íðja
- 18** Ársfundur Stapa
- 20** Við viljum vinna!
- 21** 1. maí á Siglufirði
- 23** Vinningshafar frá 1. maí á Akureyri
- 24** Símei 10 ára
- 26** Ráðgjafinn er ljós í myrkrinu
- 27** Félagavefur Einingar-Íðju
- 28** Kom sterkari til vinnu
- 30** Dyravarðanám byrjaði hér á Akureyri
- 32** Do członków związku Eining-Íðja
- 32** ถึงสมาชิก Einingu Íðju ทททท
- 34** Stjórnir og nefndir

SJÓVÁ

Strandgötu 3 · Sími 440 2370
www.sjova.is

PricewaterhouseCoopers á Íslandi

Sendum félagsmönnum Einingar-Íðju sumarkveðjur

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

PricewaterhouseCoopers
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Símanúmer: 460 2400
Símbréfsnúmer: 460 2401
Netfang: pwc.akureyri@is.pwc.com
Netfang innheimtu: innheimta@is.pwc.com

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög


Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Grensásvegi 50 • 108 Reykjavík • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is

Gleðilegt sumar



Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

 Arion banki

Undirbúningur kjarasamninga

- Viðamikil könnun á meðal félagsmanna Einingar-löju



Til þess að ná fram sem bestum upplýsingum um vilja félagsmanna varðandi það hvað leggja beri áherslu á við gerð næstu kjarasamninga var í síðustu viku gerð könnun meðal þeirra. Þar gafst þeim kostur á að merkja við sex áhersluatriði af 16 á spurningalista sem dreift var af trúnaðarmönnum félagsins og setja þau í röð eftir mikilvægi þeirra. Ekki er búið að fá niðurstöðu úr könnuninni en þær verða birtar á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði að árangur í samningum byggist á því að menn standi saman, það gerist ekki með því að örfáir einstaklingar sjái um málið. „Við gerðum sambærilega könnun á meðal félags-

manna okkar árið 2007 sem tókst mjög vel. Þá barst fjöldi svara til okkar og ég vona að það verði eins í ár“.

Könnunin var gerð á ábyrgð trúnaðarmanna, en þeir sáu um að samstarfsmenn sínir fengju spurningalista í hendur og eins sáu þeir um að koma svörum til félagsins. „Félagsmenn munu vonandi margir hverjir hafa annað viðhorf til samningaferlisins þegar það hefst og því má telja þessa aðferð vænlega til að fá fram skýran vilja félagsmanna þar sem þeim gefst kostur á að setja fram sín viðhorf í sínu eigin umhverfi, í rölegheitum á kaffistofunni eða heima hjá sér, í stað þess að mæta á fundi og þurfa þar ef til vill að standa frammi fyrir fjölda manns,“ sagði Björn að lokum.



Áður en könnunin fór fram fóru tveir starfsmenn félagsins, þeir Björn og Ásgrímur, um félagssvæðið og létu trúnaðarmenn fá gögn vegna könnunarinnar og fóru yfir framkvæmd hennar. Á myndinni má sjá Björn ásamt trúnaðarmönnum á Dalvík og í Hrísey.

Launahækkanir þann 1. júní sl.

Þann 1. júní sl. hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 2,5% taki laun ekki mið af kauptöxtum, en kauptaxtar hækkuðu þá um kr. 6.500. Hér var um að ræða síðasta áfangann í launahækkunum í nágildandi kjarasamningi SA og SGS sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.ein.is. Á síðasta ári hækkuðu launataxtar um 6.750 krónur þann 1. júlí 2009 og aftur þann 1. nóvember um sömu krónutölu kr. 6.750. 1. nóvember tók einnig 3,5% launa-

þróunartrygging gildi hjá þeim sem enga hækkun höfðu fengið frá 1. janúar 2009 og voru ekki á kauptaxta. Ef um hækkanir á launum var að ræða á þessu tímabili þá dróguust þær frá 3,5%. Lágmarkslaun eru nú kr. 165.000.

Samningurinn gildir til 30. nóvember á þessu ári en þá eru einnig kjarasamningar félagsins lausir við ríki og sveitarfélög. Þeir samningar hækka einnig frá 1. júní, en hækkin er mismikil á taxta. Töflur yfir hækkanir á taxta má einnig finna á heimasíðu félagsins.

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Full orlofsuppbót er sú sama í öllum samningunum eða kr. 25.800 og á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflu yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Athugið!

Fundur er haldinn í stjórnsjúkrasjóðs Einingar-löju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.

Umsóknir um allar greiðslur úr sjúkrasjóði eru lagðar fyrir fund þ.m.t. dagpeningar, endurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, krabbameinsleitar og allra styrkja sem greiddir eru skv. reglugerð sjóðsins.

Vinnustaðaheimsókn

Gjögur hf. á Grenivík

Í byrjun febrúar sl. hóf Gjögur hf. fiskvinnslu á Grenivík, unninn er ferskur bol-fiskur beint til útflutnings ásamt frystingu. Miklar endurbætur voru gerðar á tækjabúnaði enda vinnslan frábrugðin því sem áður var. Vinnslan er í húsnæði sem áður hýsti saltfiskvinnslu Brims en sú starfsemi var lögð niður í júní í fyrra. 18 starfsmenn vinna nú í frystihúsinu og í sumari bætast við sex skólakrakkar.

Ægir Jóhannsson frystihússtjóri segir að það hafi gengið mjög vel frá því vinnsla byrjaði á ný í húsinu. „Gjögur leigir húsið af Brim, en við gerðum þriggja ára leigusamning. Við erum að vinna um 25 tonn á viku, bæði ferskt og frosið.

Fersku hnakkarnir fara allir á Frakklandsmarkað og hefur það gengið vel, fyrir utan eina viku sem flug lá niðri vegna eldsumbrota og því komum við vörunni ekki á markað.“

Ægir segir að það verði stopp í sex vikur í sumari og aðspurður um haustið segir hann að það verði haldið áfram þrátt fyrir mikla óvissu í sjávarútvegi. „Það er allt í frosti í sjávarútvegi, menn halda að sér höndum. Þar fer enginn að fjárfesta þegar óvissan er svona mikil, en við höldum ótrauð áfram,“ segir



Búseti á Norðurlandi
er húsnæðissamvinnufélag sem á
og rekur samtals 234 íbúðir á Akureyri
og Húsavík.

Félagið er opið öllum.

Lausar íbúðir á Akureyri eru auglýstar
í Dagskránni og á heimasíðunni.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni
Skipagötu 14, í síma 452-2888
eða á heimasíðu félagsins
www.busetiak.is



Hefur þú lent í vinnuslysi? Kannaðu þinn rétt!

Alkunna er að slysin gera ekki boð á undan sér. Vinnuslys hafa oft á tíðum mikil áhrif á tjónþola sem jafnvel þurfa að vera lengi frá vinnu með tilheyrandi tekjuskerðingu. Því miður glíma margir við afleiðingar slíkra slysa lengi og jafnvel alla ævi. Launþegar á Íslandi eru tryggðir í vinnu sinni hjá vinnuveitanda og eiga því rétt á bótum frá tryggingafélagi hans. Þá eiga launþegar rétt á bótum vegna vinnuslysa úr almannatryggingakerfinu, skv. almennum reglum þar um. Í sumum tilvikum er um að ræða atvik sem aðrir bera ábyrgð á og gæti því reynt á reglur skaðabótaréttarins varðandi uppgjör bóta.

Afar mikilvægt er að þeir sem verða fyrir líkamstjóni, til dæmis í vinnuslysum, afli sér upplýsinga um réttarstöðu sína strax og unnt er og setji sig í samband við starfsmenn Einingar-löju. Slík könnun þarf að fara af stað sem fyrst,

bæði vegna þess að það er ekki einhlítt að bótaréttur sé fyrir hendi þó að slys verði, en ekki síður vegna þess að samkvæmt lögum ber að tilkynna um slys til viðkomandi tryggingafélags eða Sjúkratrygginga Íslands, innan árs frá því að þau verða.

Miklu skiptir því að staðan verði könnuð sem fyrst og að þeir félagsmenn Einingar-löju sem lent hafa í vinnuslysum kanni rétt sinn svo fljótt sem unnt er með því að setja sig í samband við félagið.

Eining-löja býður félagsmönnum sínum uppá viðtal við lögmann, sér að kostnaðarlausu og eru þeir félagsmenn sem lenda eða lent hafa í vinnuslysum hvattir til þess að

setja sig í samband við félagið sem fyrst svo unnt verði að koma þeirra málum í réttan farveg og gæta réttar þeirra í hvívetna. Félagið er með samning við öfluga lögmannstofu sem hefur yfir að ráða lögmonnum með mikla og víðtæka reynslu af slysamálum.



Lög um vinnustaðaskírteini

Alþingi samþykkti á fundi sínum 11. maí sl. ný lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Markmið laganna er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Vinnustaðaskírteininum er sérstaklega ætlað að auðvelda eftirlit með því að starfsmenn njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber og koma í veg fyrir ólöglega háttsemi á íslenskum vinnumarkaði.

Í lögnum segir um gildissvið þeirra: „Samtök aðila vinnumarkaðarins skulu semja nánar um það í kjarasamningum sín á milli til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lög þessi taka til á hverjum tíma. Skulu þeir kjarasamningar sem og aðrir samningar sem gerðir eru milli aðila um nánari framkvæmd laga þessara gilda um alla atvinnurekendur sem starfa innan þeirra atvinnugreina á innlendum vinnumarkaði sem tilgreindar eru í samningum aðila.“

Af hálfu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og

Samtaka atvinnulífsins (SA) hefur verið unnið að samningi um innleiðingu laganna á almennum vinnumarkaði. Samningur milli þessara aðila liggur fyrir í öllum helstu efnisatriðum og



er stefnt að undirritun hans 15. júní nk. Samhliða verður gerð grein fyrir efni samningsins og hvernig staðið verður að framkvæmdinni af hálfu þessara samtaka.

Af hálfu ASÍ og SA liggur eftirfarandi fyrir:

- Samningurinn mun taka gildi 15. ágúst 2010.
- Vinnustaðaskírteinin munu til að byrja með ná til byggingastarfsemi, mannvirkjagerðar, reksturs gistihúsa og veitingareksturs.
- Opnaður verður sérstakur vefur 15. júní nk. www.skirteini.is, þar sem verða helstu upplýsingar um lögin um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, samning ASÍ og SA og framkvæmd hans.

Sérstök áhersla verður í upphafi lögd á að upplýsa fyrirtæki í framangreindum atvinnugreinum um réttindi þeirra og skyldur og leiðbeidna þeim um góða framkvæmd.

Frekari kynning á vinnustaðaskírteininum og framkvæmdinni samkvæmt samningum ASÍ og SA verður aðgengileg 15. júní nk.



Afsláttur hjá Edduhótelum

Eins og undanfarin sumur mun Eining-löja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öllum Edduhótelum landsins. Verð miða er 6.400 krónur. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.

Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða og því er hér um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótela fyrir sumarið 2010 á slíkt herbergi að kosta 10.000 krónur. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju.

Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 13 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteleda.is

Verðlistaverð Edduhótela sumarið 2010:

Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr. 10.000
Tveggja manna herbergi m/baði	kr. 16.000
Hótel Edda Plús	kr. 18.000
Morgunverður á mann	kr. 1.200

Miðar í Hvalfjarðargöng

Minnt er á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingar-löju á Akureyri, Siglufirði og Dalvík. Hver miði kostar aðeins kr. 580. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Stök ferð fyrir venjulegan fjölskyldubíl í flokki I kostar kr. 900 og því er sparnaður töluverður ef miðar eru keyptir á skrifstofu Einingar-löju. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og til baka um göngin, spara kr. 640.

Gistimiðar á Fosshótel

Nú í sumar geta félagsmenn keypt gistimiða á öll Fosshótel landsins á skrifstofum Einingar-löju, verð miða er kr. 8.000 og gildir hann fyrir árið 2010. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum.



Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júlí og ágúst. Fosshótel eru búin að semja við Grand Hótel Reykjavík, en þar er hægt að nota gistimiðana í júlí og ágúst og greiða eins og á Fosshótelum, með 2 gistimiðum fyrir eina nótt.

Fosshótel er önnur stærsta hótélkeðjan á Íslandi og bjóða hótelin í keðjunni upp á fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða þriggja stjörnu heilsárshótel. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is.

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Condé Nast Traveller
2009
READERS' SPA AWARDS
WINNER
MEDICAL/THERMAL SPA/NATURAL SPA
BLUE LAGOON
ICELAND

Lífsorka með
nýtingu náttúruaflanna

2 fyrir 1
í Bláa lónið

Gildir gegn framvísun
miðans til 31. des. 2010

BLUE LAGOON
ICELAND

www.bluelagoon.is

Lykill 1561



Fjölmennur aðalfundur Einingar-löðu



Ellefti aðalfundur Einingar-löðu var haldinn á Hótel KEA á Akureyri 13. apríl sl. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar að það sem hefur legið hvað þyngst á okkur öllum síðasta ár er ráðaleysi stjórnvalda. „Stöðugleikasáttmálinn átti að verða til þess að haft yrði samráð um atvinnumálin. Nú var tækifæri til að spýta í lófana og hefja framkvæmdir, en hvað gerist. EKKERT. Ekkert er gert og menn röfla um lcesave í nærri því heilt ár og skella allri skuldina á þetta kjaftæði. Við vonum að það fari að sjá fyrir endann á þessu bulli.“

Björn fjallaði um atvinnuleysi á svæðinu og sagði að atvinnuleysið væri eitt mesta bölg sem yfir getur dunið. „Nú upp á síðkastið hefur minnkandi kvóti haft þau áhrif að margt fiskvinnslufólk verður atvinnulaust um einhvern tíma, eða jafnvel þangað til nýtt kvótaár hefst 1. september nk. Atvinnuleysi skapar mikla óvissu fyrir fólk og mun örugglega leiða af sér brottflutning yngra fólksins til ann-

arra landa. Að það skuli vera um 1.300 manns atvinnulausir eða á hlutabótum á Norðurlandi eystra er óhugnanlegt.“

Orðin preytt á lofordum sem ekki eru efnd

Björn sagði að ASÍ reyni að beita sér að fullu við að hafa áhrif á stjórnvöld en því miður gangi það illa. „Ég var að vona að samskiptin gengju betur í tíð vinstri stjórnar en það er aldeilis ekki. Fólkið í landinu er orðið preytt á lofordum sem ekki eru efnd. Hvað eru mörg heimili í upplausn vegna þess að það er ekki gert nóg í skuldamálum þeirra til að það geti lifað kreppuna af? Þetta fólk var upp til hópa ekki í óráðsúu heldur fór eftir sínum áætlanum sem hrúðið kollvarpaði. Er það eitthvert réttlæti að venjulegt fólk sé hundelt og það sé látið borga af öllum sínum lánum meðan ýmsir einstaklingar fá niðurfellingu á hundruðum miljarða króna skuld eins og ekkert sé. Þetta er þjóðfélag sem ég vil ekki sjá og ég veit að þið viljið það ekki heldur. Í hinu mikla góðæri var ekki talað um annað á höfuðborg-



arsvæðinu en að landsbyggðin, með sinn landbúnað og sjávarútveg, væru dragbítar á þjóðinni. Ég tala nú ekki um landbúnaðinn sem helst ætti að leggja niður og flytja bara inn landbúnaðarvörur því það væri miklu hagkvæmara. Sjáið þið fyrir ykkur landið í dag ef þessum aðilum hefði tekist að ná fram markmiðum sínum,” sagði Björn.

Mikið álag

Björn sagði að mikið álag hefði verið á skrifstofur félagsins á síðasta ári, eins og oft áður og þá sérstaklega vegna þessa mikla atvinnuleysis og vandamála sem af því leiðir. „Í lok árs 2009 voru 450 félagsmenn Einingar-löju á atvinnuleysisráði, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum hjá félaginu.

Það starf sem unnið er af starfsmönnum Einingar-löju er ekki það sem ratar í blöðin, en á þessu ári höfum við oft fengið klapp á bakið en áður og menn sýna einnig betur að þeir kunna að meta það sem gert er. Þetta fyllir okkur sjálfstrausti og hvetur okkur til að gera enn betur en áður. Í svona ástandi eins og nú er þá finnur maður það á félagsmönnum hvað þeim finnst í raun um félagið sitt. Það er alveg klárt að þegar allt er í blóma þá finnst mönnum félagslegt öryggi lítils virði og menn segja að það sé lítil



Réttindi ekki skert

Björn sagði á aðalfundi félagsins að rekstrartap ársins hefði verið upp á rúmlega tuttugu og sjö milljónir. „Það er aðallega mikil aukning á dagpeningagreiðslum úr sjúkrasjóði sem orsaka þetta tap. Við vissum að síðasta ár yrði erfitt, en samt tók stjórn félagsins þá ákvörðun að leggja ekki til skerðingu á greiðslum úr sjúkrasjóði félagsins á síðasta aðalfundi og ætlar ekki heldur að gera það núna. Ef ástandið verður eins slæmt á þessu ári og í fyrra verðum við að gera eitthvað á næsta aðalfundi, en það er ár í það og margt getur gerst á þeim tíma. Sú bjartsýni okkar að gera betur en margir aðrir, þ.e. að tryggja 100% greiðslur dagpeninga til þeirra sem eru undir lágmarkslaunum í stað 80% er okkur dýr. Þar sem svo margir félagsmenn okkar eru hlutavinnufólk eru þetta stórar upphæðir sem þarna er um að tefla.“

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 13. apríl var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn sex heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Vinningar og vinningshafar

Aðalvinningur kvöldsins var ferð fyrir tvo í Fjallaferð Einingar-löju sem farin verður 9. til 11. ágúst 2010. Farið verður í Herðubreiðarlindir, Dreka, Öskju, Kverkfjöll og Hvannalindir. Hann hlaut **Sigrún Svava Stefánsdóttir**.

Næsti vinningur var vikuleiga að eigin vali í einni af orlofsíbúðum félagsins í Reykjavík næsta vetur. Hann hlaut **Ása Margrét Birgisdóttir**.

Næstu tveir vinningar voru helgarleigur í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum næsta vetur. Þessa vinninga hlutu **Ómar Ólafsson** og **Heiðbjört Eiríksdóttir**.

Guðmundur Björnsson og **Hildur Gunnarsdóttir** fengu lokavinninga kvöldsins, en bæði fengu bakpoka með merki félagsins.



Vinningshafarnir sex, f.v.: Ómar Ólafsson, Ása Margrét Birgisdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Sigrún Svava Stefánsdóttir, Heiðbjört Eiríksdóttir og Guðmundur Björnsson.



þörf á stéttarfélögum en þegar þrengir að þá muna menn eftir því að þangað er ýmislegt að sækja og það er fólk hjá stéttarfélagunum sem er allt að vilja gert til að aðstoða eins og mögulegt er. Það hefur einnig mikið mætt á lögfræðingum félagsins, bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga," sagði Björn.

Verkin skipta máli

Björn minntist einnig á að formaður félagsins og stjórn þess hefði oft legið undir ámæli fyrir að vera ekki nógu sýnileg í fjölmiðlum, „en það er alveg ljóst að það eru verkin sem skipta máli, ekki einhver sölumennska þar sem menn gera lítið úr öðrum til að upphæfja sjálfa sig. Svo leiðis aðferðir vill eða mun stjórn Einingar-lögu ekki viðhafa," sagði Björn.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-lögu skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Ingvar Sigurbjörnsson, Hafdis Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Marzibil E. Kristjánsdóttir, og formenn deildanna þriggja ásamt varaformanni stærstu deildarinnar, þau Anna Júlíusdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Kristbjörg Ingólfssdóttir.



Gullmerkjahafar ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: Björn Snæbjörnsson, Rannveig Ágústsdóttir, Sigurðir Sveinn Ingólfsson, Sigríður Rut Pálsdóttir og Matthildur Sigurjónsdóttir.

Þrír sæmdir gullmerki félagsins

Á aðalfundi Einingar-lögu sem haldinn var þriðjudaginn 13. apríl sl. voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-lögu, sagði við það tilefni að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki, sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga, smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þeir hafa innt af hendi," sagði Björn.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Sigríður Rut Pálsdóttir

Hún var lengi trúnaðarmaður í frystihúsunum í Ólafsfirði. Hún var formaður Ólafsfjarðardeildar Verkalyðsfélagsins Einingar í fjölda mörg ár, sat í aðalstjórn félagsins og var ritari stjórnar í nokkur ár. Hún var í trúnaðarráði, samninganefnd og í hinum ýmsu ráðum og nefndum innan félagsins.

Sigurður Sveinn Ingólfsson

Hann byrjaði að sinna verkalyðsmálum hjá lögu félagi verksmiðjufólks og kom síðan yfir fyrir sameiningu og var í stjórn Bilstjóradeildar félagsins og er í dag sá trúnaðarmaður sem lengst hefur setið samfelldt sem trúnaðarmaður hjá félaginu. Hann hefur verið í stjórn Tjarnargerðis og í stjórn lónaðar- og tækjadeildar félagsins. Einnig hefur hann verið í Trúnaðarráði og samninganefndum félagsins í áraraðir og í mörgum öðrum ráðum og nefndum innan félagsins.

Rannveig Ágústsdóttir

Hún var lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustöðum. Hún hefur einnig setið í trúnaðarráði, samninganefnd félagsins til fjölda ára og sinnt fjölmörgum öðrum störfum í þágu félagsins.



Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands (SGS)

Takk fyrir lánið

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands (SGS), var gestur aðalfundar félagsins og flutti gott og fróðlegt ávarp þar sem hann fjallaði m.a. um skipulagsmál hjá SGS og sagði t.d. að Einingar-lögu félagar væru vel sýnilegir innan sambandsins. Hann sagðist vera ánægður með að fá boð um að sitja aðalfundinn og lýsti því yfir að hann væri mjög stoltur að sjá hve fjölmennur hann væri.

Kristján sagði að síðasta ár hefði verið algjör rússíbanareid hvað efnahag þjóðarinnar varðaði og bað félagið að vera tilbúið að taka við kyndlinum í SGS í haust og leiða stærstu samningaviðræður sambandsins. Í lokin hrósaði hann Einingu-lögu fyrir frábært starf í SGS og þakkaði jafnframt fyrir lánið á formanni félagsins, en Björn er varaformaður SGS, og sagði að þeirra samstarf hefði verið mjög gott í gegnum árin.



Á bls. 34 og 35 í blaðinu má finna lista yfir alla þá sem sitja í stjórn, nefndum og trúnaðarráði fyrir félagið.

Í lok fundar þakkaði Björn öllum sem hann starfaði með á árinu og sagði. „Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á fundum og ekki síst á förnum vegi. Ég veit að fólk vill geta talað við formanninn sinn hvort sem hann er á skrifstofunni eða utan hennar, það er jákvætt að fólk vill hafa samskipti.

Hafið þökk fyrir síðasta starfsár. Vonandi sleppum við lifandi út úr því næsta en það verður ekki auðvelt og margir munu eiga verulega erfitt. En kæru félagsmenn þá er það samstaðan sem dugar og ég veit að það er hægt að segja um okkur Eyfirðinga að þegar eitthvað bjátar á þá stöndum við ávallt saman.

Starfsfólk Einingar-löju þakkar fyrir öll samskiptin á árinu og vonar að þeim hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með á skrifstofu félagsins og vonar að þeim auðnist að gera það áfram. Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins,” sagði Björn að lokum.

Á heimasíðunni, www.ein.is, er hægt að nálgast árs-skýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.

Punktur frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.055, eða 53,29% félagsmanna fengu einhverskonar styrk úr sjóðum félagsins á árinu, sem er 14,2% aukning á milli ára. 693 fengu starfsmenntastyrki, 1.968 styrki úr sjúkrasjóði, 1.132 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 262 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári styrkti félagið Geðdeild FSA um kr. 150.000, Aflið systursamtök Stígamóta á Norðurlandi um kr. 50.000, lónaðarsafnið á Akureyri um kr. 150.000 og Mæðrastyrksnefnd um 550.000.

Breytingar á stjórn. Tvær breytingar urðu á stjórn félagsins í lok janúar sl. Þegar nýir svæðisfulltrúar komu þar inn, en þeir eru sjálfkjörnir í stjórnina. Guðrún Skarphéðinsdóttir og Elísabet Jóhannsdóttir hættu sem svæðisfulltrúar. Í þeirra stað komu Guðrún Þorbjarnardóttir og Ingvar Sigurbjörnsson.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2009. Alls fengu 182 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 67.472.555 og 1.786 fengu styrki að upphæð kr. 17.749.834. Samtals fengu því 1.968 félagsmenn styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 85.222.389, sem er hækkun um rúmlega 12 milljónir milli ára.

Fjölmörg námskeið. Félagið hélt þrjú trúnaðarmannnámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag. Tvö dyrvardarnámskeið í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. Þrjú konfektgerðarnámskeið, námskeið í jólaföndri, tvö tölvunámskeið fyrir byrjendur, skrautskriftarnámskeið og námskeið í heimilisbókhalda í samvinnu við Neytendasamtökin og önnur stéttarfélag. Fyrirhugað er að halda námskeið í skyndihjálpi.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 693 einstaklingar, 451 konur og 242 karlar, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2009, samtals að upphæð kr. 17.262.691.

Orlofshús. Á árinu 2009 voru tæplega átján orlofshús og fjórar íbúðir í eigu félagsins og eru þá sjúkraíbúðir félagsins í Reykjavík ekki taldar með. Félagið tók á leigu fimm og hálft orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og eina íbúð í Kaupmannahöfn til viðbótar yfir sumarið. Einnig úthlutaði félagið 200 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali.“ Vetrarleiga hefur verið mjög góð og hefur aukist ár frá ári. Félagið er nú með sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru sjúkraíbúðir.

Nýting orlofshúsa. Á síðasta ári leigðu félagsmenn 341 sumarviku, 48 sumarhelgar, 365 vetrarhelgar og 170 vetrarvikur, fyrir utan íbúðina á Egilsstöðum sem er í fastri leigu yfir vetrarmánuðina.

Orlofsferðir. Félagið stóð fyrir þremur orlofsferðum á síðasta ári, eins og undanfarin ár. 49 fóru í ferð til Þýskalands og Tékklands, 35 fóru í ferð um Melrakkaslétta, Langanes og Vopnafjörð og 68 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Grímseyjar.

PACTA lögmenn

- félagsmenn fá 15% afslátt

Rétt er að minna á samning sem Eining-löja er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögræðiþjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Eining-löja ber kostnað

af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum.

Í samningum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.



Skrifstofa PACTA er á 2. hæð í Hafnarstræti 91-95.

Góð verkefnastaða

- segir Anton Benjamínsson framkvæmdarstjóri

Fyrirtækið Slippurinn Akureyri ehf. var stofnað í byrjun október 2005 en byggir á gömlum merg Slippstöðvarinnar. „Við byrjuðum með um 65 starfsmenn en í dag eru 130 manns á launaskrá, þar af um 20 iðnnemar. Við þá tölu bætast svo sumarstarfsmenn sem verða um 20,“ segir Anton Benjamínsson framkvæmdastjóri. „Í fyrri fjölguðum við starfsmönnum um 30 en það verður ekki fyrr en við getum fjölgað málmiðnaðarmönnum, en það er verulegur skortur á þeim, að við getum líka fjölgað í öðrum störfum.“

Mikið að gera

Anton segir að reksturinn gangi vel og verkefnastaðan sé góð. „Við fáum aðallega íslensk skip til okkar. Íslenskar útgerðir eru okkar lífi-

brauð, þær eru nálægt okkur og við erum í mjög góðum tengslum við þær. Það hefur samt verið töluvert um að erlend útgerðarfyrirtæki hafi leitað til okkar, ætli erlend velta hjá okkur sé ekki um þrjú til fjögurhundruð milljónir á ári. Þannig að þessi erlenda viðbót skiptir töluverðu máli fyrir okkur. Nú um mánaðamótin byrjuðum við t.d. á viðamiklum breytingum á norskum togara og eins höfum við unnið þó nokkuð fyrir Grænlandinga.“

Anton segir að ekki megi gleyma tveimur stærstu nýju fyrirtækjunum á Akureyri, en Slippurinn er að þjóna þeim báðum. „Þar er annarsvegjar um að ræða Becromal og hins vegar Neptune, sem er með þessi tvö rannsóknarskip sem við höfum endurbysgt. Við höfum verið að setja upp vélar í verksmiðju Becromal í Krossanesi og eins smíðað ýmislegt fyrir þá.



Ég verð að hrósa þeim fyrir hvernig þeir hafa hagað uppbyggingunni. Þeir gera þetta á tiltölulega löngum tíma þannig að fyrirtæki hér á heimasvæðinu hafa getað sinnt þeim sem er alveg frábært. Þeir hefðu auðveldlega getað hrúgað inn erlendu vinnuafli og klárað þetta á skömmum tíma en þá hefðu bæjarfélagið og fyrirtæki í bænum haft minna út úr því. Svo er bara að krossa putta og vona að verksmiðjan verði stækkuð.“

Mikil óvissa

„Við erum bókaðir núna fram í september þannig að miðað við það sem áður var, þegar við vorum að bóka þrjá mánuði fram í tímann,





þá er útlitið bara býsna gott fyrir haustið, en maður veit aldrei. Þetta er snöggð að breytast, bæði upp og niður,” segir Anton aðspurður um verkefnastöðu haustsins og bætir við að það sé mikil óvissa í íslensku samfélagi sem hefur áhrif á fyrirtækið. „Það þarf t.d. að klára þessar deilur um kvótakerfið þannig að íslenskar útgerðir viti hvað þær hafa næstu árin. Það fer enginn í stórkostlegar fjárfestingar ef hann veit ekki hvort eða hve mikið hann má veiða. Við þurfum að átta okkur á því að það sem heldur íslensku samfélagi gangandi núna er sjávarútvegurinn. Það er stórkostlega galið að pólitíkusar sem vilja láta taka sig alvarlega komi fram með hugmyndir, en bara fyrri hálfleikinn af þeim. Koma til dæmis fram með einhverja fyrningarleidd en ekki orð um hvernig á að klára dæmið. Hver á að veiða þetta, hvenær og hvernig, hvernig fer sú úthlutun fram? Ef menn koma fram með tillögur þurfa þær að vera fullmótaðar. Það þarf bara að fara í þessi mál og leysa þau og það þarf að gerast núna.“

Engin ævintýramennska


Anton segir að helsta breytingin síðustu mánuði sé að um áramótin hafi þeir keypt stóru húsin



á athafnasvæði Slippsins af þrotabúi Loftorku. „Við leigðum reyndar stóran hluta þeirra, en með kaupnum skapast ákveðið öryggi í kringum rekstur fyrirtækisins. Nú erum við búnir að teikna upp nýtt skipulag þarna inni og erum að hefja framkvæmdir. Við munum taka eitt svæði í einu því við viljum eiga fyrir þessu.

Aðspurður um nýsmíði segir Anton að það gæti vel orðið en slík skip yrðu ekki af sömu stærð og áður. „Það er árið 2010 og árið 2010 erum við ekki að smíða togara á Íslandi, sá tími er búinn. Okkur langar til að smíða 15 til 20 metra stálbáta, svona fyrir þá sem ekki vilja plastið. Góða vinnubáta, breiða og stöðuga, sem ganga bara hæfilega, 12 til 14 mílur. Þetta er í skoðun hjá okkur og við munum byrja á einum svona einum góðan veðurdag. Við þurfum bara að gefa okkur tíma til að klára hönnunina, því þetta verður að vera góður bátur. Við munum smíða svona báta, en það verður engin ævintýramennska í kringum það. Þjóðin

er komin með nóg af svoleiðis vitleysu,” segir Anton að lokum.



GERÐU ÞÉR DAGAMUN Í MÝVATNSSVEIT

Á Hótel Gíg í Mývatnssveit er fallegur veitingastaður með heillandi útsýni yfir Mývatn. Þar er metnaður í matreiðslu og þjónustu.

Gerðu þér dagamun, heimsæktu Mývatnssveit, skoðaðu einstaka náttúruna, skelltu þér í Jarðböðin og endaðu svo í ljúffengum kvöldverði á Hótel Gíg.

Leitið upplýsinga í síma 464 4455

Hótel Gígur // Skútustaðir, 660 Mývatn
Sími 464 4455 // Fax 464 4279
gigur@keahotels.is // www.keahotels.is



Leikhúsfarð eldri félagsmanna



Það var þéttsetinn bekkurinn á Melum í Hörgárdal laugardaginn 27. mars sl. þegar 115 eldri félagsmenn fóru og sáu grafalvarlega skrifstofufarsann *Lífið liggur við!* sem Leikfélag Hörgdæla sýndi við góðar undirtektir og þótti dagurinn takast með eindæmum vel. Undanfarin ár hefur félagið boðið eldri félagsmönnum í leikhús og í kaffihlaðborð á undan. Í ár var engin undantekning á því, en fyrir sýningu var farið í kaffi í Þelamerkurskóla.

Látum myndirnar tala sínu máli.



Ferð fyrir eldri félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin **laugardaginn 19. júní nk.** Farið verður austur í Bárðardal og að Ald-eyjarfossi. Hádegisverður verður snæddur á Kiðagili og þaðan verður farið upp í Engidal og að Stöng í Mývatnssveit. Síðan verður ekið að Laxárvirkjun og ýmislegt skoðað. Á heimleiðinni verður drukkið kaffi í Laufási. Ferðin kostar kr. 4.000 á mann.

Lagt verður af stað frá Dalvík kl. 8 og frá Alþýðuhúsinu á Akureyri kl. 9. - Skráning í ferðina er á skrifstofu félagsins á Akureyri og í síma 460 3600.



To the members of Eining-löjja

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löjja wishes to remind its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid a special single-sum holiday bonus. This year's amount is kr. 25,800 based on full employment, in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

According to a contract with the SA- Confederation of Icelandic Employers the holiday bonus is to be paid at the beginning of a vacation, or no later than 15 August. Those who work according to a contract with the State Wages and Salaries Commission are to receive the payment by 1 June. The contract with the Municipal Wages and Salaries Commission specifies 1 May as the date of payment of the holiday bonus.

Fosshotels and Inns of Iceland offer reduced rates - also valid in Grandhótel

Eining-löjja will be selling coupons for accom-

modation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 8,000 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is included. The coupons are available at the Eining-löjja offices. Guests make their own bookings.

For more information see www.fosshotels.is



The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löjja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 6,400 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2010, the price of a room of this type is kr. 10,000. The coupons are available at the Eining-löjja offices.

Children can share the rooms with grown-ups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings.

For more information see www.hoteledda.is

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður

tunnel at the Eining-löjja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 580. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-löjja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- * Mutual right
- * Notice shall be in writing.
- * Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.



Landsmennt skapar tækifæri - kynntu þér möguleikana



- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Ársfundur Stapa

- hækkun lífeyrisgreiðslna fryst um 5%



Stjórn sjóðsins ásamt framkvæmdastjóra, talið frá vinstri: Sigurður Jóhannesson stjórnarformaður, Þórarinn G. Sverrisson, Guðrún Ingólfssdóttir, Kári Arnór Kárasón, Anna María Kristinsdóttir, Sigurður Hólm Freysson varaformaður, og Björn Snæbjörnsson.

Fjöldmennur ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Skjölbrekku í Mývatnssveit þann 6. maí. sl. 38 fulltrúar frá Einingu-löðu áttu rétt á setu á fundinum þar sem Sigurður Hólm Freysson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar og Kári Arnór Kárasón framkvæmdastjóri skýrði ársreikning sjóðsins. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kynnti tryggingafræðilega athugun sem gerð var á sjóðnum og Jóna Finndís Jónsdóttir sjóðstjóri fór yfir fjárfestingarstefnu Stapa. Á fundinum var samþykkt tillaga um lækkun réttindatöflu og frystingu hækkana á lífeyrisgreiðslum um 5%.

Í máli Sigurðar kom m.a. fram að árið 2009 hafi verið erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. „Afkoma Tryggingadeildar sjóðsins var slök annað árið í röð og er tryggingafræðileg staða deildarinnar erfið. Rekstur allra safna Séreignardeildar gekk á hinn bóginn vel, en engin fyrirtækjabréf eða gjaldeyrisvarnarsamningar voru í eignasófnunum safnanna sem skýrir þennan mun að mestu.“

Einnig kom fram á fundinum að þrátt fyrir varfærið mat á eignum í árslok 2008 reyndist staðan vera mun verri en gert var ráð fyrir og hafði töluverð áhrif á afkomu ársins 2009. Þá varð sjóðurinn fyrir miklu áfalli um mitt sumar 2009 þegar í ljós kom að lögmannsstofa sem unnið hefur fyrir sjóðinn til margra ára, lýsti kröfum í þrotabú Straums Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. eftir að kröfúlýsingarfestur var útrunninn. Strax í kjölfarið var sett af stað mikil vinna til að reyna að koma kröfunni að og er enn í dag ekki útséð um hvort það tekst. Hins vegar er mat stjórnenda sjóðsins, að svo mikil óvissa ríki um afdrif kröfunnar, að ekki sé annað verjandi en að færa hana niður að fullu. Þessi niðurfærsla hafði veruleg áhrif til hins verra á afkomu sjóðsins á

árinu og gerir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins lakari um 1-2%.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar var jákvæð um 1,9% en raunávöxtun neikvæð um 6,2%. Söfn Séreignardeildar komu vel út á árinu og var raunávöxtun Safns I 10,9%, Safns II 11,5% og Safns III 9,2% á árinu.

Breytingar á réttindum

Stjórn Stapa lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir ársfund sjóðsins og var hún samþykkt samhljóða:

„Frá 1. maí 2010 að telja verði réttindi og lífeyrir lækkadur um jafngildi þeirrar hækkunar, sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, þar til lækkunin þannig reiknuð, hefur náð 5% (þ.e. þar til vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur hækkað um 5% frá þeirri vísitölu sem tók gildi 1. maí 2010 án þess að lífeyrir eða réttindi hafi hækkað frá því sem þau voru í apríl 2010). Lækki vísitala neysluverðs í einhverjum mánuði áður en ofangreindri 5% lækkun er náð, skal lífeyrir og réttindi ekki lækka, nema að því marki sem lækkun vísitölu neysluverðs verði meiri en sú lækkun sem þegar hefur orðið vegna framangreindra aðgerða. Breytingar þessar taka til lífeyris, sem og til réttinda sem áfallin voru fyrir 1. maí 2010 og til réttinda vegna innborgana til þess tíma er ofangreindri 5% lækkun er náð. Þegar 5% lækkun hefur verið náð skal miðað við að hún nái til allra réttinda vegna iðgjalda sem fallin voru í gjalddaga í þeim mánuði. Þá er réttindatafla sjóðsins skv. viðauka A í samþykktum lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu við aukna ævilengd mv. töflur 2004-2008.“

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að tillagan sé tvíþætt. Annars vegar tekur hún til áunninna réttinda og lífeyris á því tímabili sem tillagan er í gildi. Á því tímabili eru lífeyrir og réttindi lækkuð um það sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs í hverjum mánuði. Með því móti er lífeyri og réttindum í raun haldið óbreyttum að krónutölu. Það má því kalla þessa leið „frystingu“. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með maímánuði 2010 og vari þar til vísitala neysluverðs hefur hækkað um 5%.

Hins vegar er ávinnslutafla vegna réttinda lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu vegna aukinnar lífslíkna Íslendinga miðað við síðustu reynslutölur í því efni, en þær byggja á reynslu árána 2004-2008. Áður var miðað við reynslutölur árána 2001-2005.

Markmið tillögunnar er að bregðast við versnandi tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins þannig að sem minnst rask verði á högum þeirra sem njóta lífeyris á hverjum tíma. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 10,8% í lok ársins 2010, en hún verður að vera innan við 10% miðað við samþykktir sjóðsins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins hefur metið líkleg áhrif breytinganna á hag sjóðsins skv. eftirfarandi:

Dæmi I: 5%+3,5%	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarstaða	-10,3%	-7,7%	-5,8%	-4,0%	-2,2%	-0,4%
Áfallin staða	-12,3%	-8,2%	-5,2%	-2,1%	1,3%	4,9%

Hér er gert ráð fyrir að raunávöxtun sjóðsins verði 3,5% og að verðbólga verði 5% á árinu 2010 og 3,5% árin þar á eftir. Hagur sjóðsins skv. þessu fer hægt batnandi og verður kominn í viðunandi horf (minna en 5% halli) árið 2012.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að lífeyrir hefur hækkað nokkuð að undanförmu og í raun talsvert umfram laun þannig hafa breytingar á launum almennt, lífeyri og lágmarkslaunum verið sem hér segir síðustu 3 ár:

Ár	Laun	Lífeyrir	Lágmlaun
2007	6,1%	5,2%	1,6%
2008	10,8%	15,1%	0,0%
2009	3,6%	9,7%	25,6%
Yfir tímabilið	21,8%	32,9%	27,6%

Stjórnin vonast til að með þessum aðgerðum þá verði hagur sjóðsins nægjanlega traustur innan 2-3ja ára. Telur stjórnin að æskilegt sé að gera nýja tryggingafræðilega úttekt þegar þessum aðgerðum er lokið og taka þá ákvarðanir um framhaldið.

Straumsmálið

Kári fór mjög vel yfir Straumsmálið svokallaða og á fundinum kvaddi Árni Pálsson lögmaður sér hljóðs, en lögmannsstofa hans sinnti lögmannsstörfum fyrir Stapa um árabíl. Á síðasta ári lýsti stofan kröfu Stapa í Straum-Burðarás of seint svo krafan hefur ekki verið samþykkt af skiptastjóra. Um var að ræða 4,4 milljarða kr. kröfu og stóðu vonir til að rúmlega helmingur upphæðarinnar myndi fást upp í kröfuna. Þó svo að unnið sé að því að fá kröfuna samþykkt inn í búíð er staðan þannig í dag að þessi fjárhæð er glötuð og hefur verið afskrifuð af Stapa og veldur um 1–2% verri stöðu sjóðsins en ella væri. Árni lýsti allri ábyrgð af þessum afglöpum á hendur sér og lögmannsstofu sinni og bað fundargesti, stjórn og aðra sjóðsfélaga afsökunar á mistökunum.

Ný stjórn

Nýir stjórnarmenn voru kosnir skv. samþykktum sjóðsins og kom hún saman í kjölfar ársfundar og skipti með sér verkum. Sigurður Jóhannesson var kjörinn formaður stjórnar og Sigurður Hólm Freysson varaformaður.

Stjórn sjóðsins skipa nú:

Fyrir hönd launamanna: Björn Snæbjörnsson, Sigurður Hólm Freysson varaformaður og Þórarinn G. Sverrisson.

Fyrir hönd atvinnurekenda: Sigurður Jóhannesson stjórnarformaður, Anna María Kristinsdóttir og Guðrún Ingólfsdóttir.

Árskýrsluna má finna á heimasíðu Stapa, www.stapi.is



Eining-löja átti rétt á að senda 38 fulltrúa á fundinn

Fagmenn á heimavelli

Ásgeir Örn Jóhannsson, hdl. hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólmes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson, hdl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Lögmenn Pacta búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Með samræmdu upplýsingakerfi og nútíma samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu annarra lögmanna stofunnar hvar sem þeir starfa á landinu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öflugum liði 20 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

Hafðu samband við Páley í síma 440 7900
 eða á netfangið netfangi@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Hafnarstræti 91-95 · 600 Akureyri · Sími 440 7900



1. maí hátíðarhöld á Akureyri

„Við viljum vinna!“

Fjöldi fólks tók þátt í hátíðarhöldum á Akureyri þann 1. maí sl., sem fram fóru í blíðskaparveðri. Kjörorð dagsins voru: „Við viljum vinna!“ Farið var í kröfugöngu, við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar, frá Alþýðuhúsinu að Sjallanum þar sem hátíðardagskráin fór fram. Heimir Kristinsson, varaformaður Fagfélagsins, flutti ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna og Guðmunur Ómar Guðmundsson, fyrrverandi formaður Félags byggingamanna Eyjafirði, flutti aðalræðu dagsins.

Ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2010

Ágætu félagar! Til hamingju með daginn! Kjörorð dagsins er, Við viljum vinna!

Í dag, 1. maí, á hátíðis- og baráttudegi verkalyðshreyfingarinnar um allan heim komum við saman hér á Akureyri til að líta yfir farinn veg og spyrja okkur hverju baráttu undanfarinna ára hefur skilað okkur. Við komum líka saman til að horfa fram á veginn og til að velta fyrir okkur hver næstu verkefni okkar verða.

Fjármálakreppan í heiminum og fall íslensku bankanna í kjölfarið hafa miklar og slæmar afleiðingar fyrir okkur öll sem búum á Íslandi. Reyndar gætir áhrifa kreppunnar víða í nágrannalöndum okkar.

Þó að við hér á Norðurlandi höfum ekki tekið góðarið með „trukki og dýfu“ þá tökum við á okkur allar þær slæmu afleiðingar ofpenslu og óráðsú sem áttu sér stað á meðan best lét.

Hér á svæðinu er mikið atvinnuleysi, en þó ekki alveg eins mikið og fyrir ári síðan. Það er algjörlega óviðunandi að 1.300 manns hafi ekki atvinnu á Norðurlandi eystra og þar af eru um 1.000 hér á Akureyri. Atvinnuleysi er eitt það versta sem getur komið fyrir nokkurn mann, það skapar mikla óvissu og leggur í rúst heilu fjölskyldurnar, þar sem öll plön til framtíðar eru fokin út í veður og vind.

Mikil óvissa er framundan. Vextir eru allt of háir, verðbólga of mikil, kaupmáttur hefur rýrnað verulega og atvinnuleysi er meira en við getum sætt okkur við. Þar að auki eru margir með uppsagnarbréf í vasanum og lifa í algjörrí óvissu um framhaldið. Einnig er mikil óvissa á verktakamarkaðinum, þar hafa tilboð í verk farið lækkað og baráttan um verkin harðnað. Það má öllum vera ljóst að verð á innfluttum vörum, tækjum, tölum og eldsneyti hefur farið hækkað og því hlýtur það að bitna á launþegunum þegar verktakar þurfa að lækka tilboðsverðin og menn undirbjóða hvern annan.

Eins og staðan er í dag er alveg ljóst að ástandið mun ekki batna að neinu marki fyrir en á næsta eða þarnæsta ári.

Í dag er farið að vora, sumarið á næsta leyti og allt farið að lifna við. Við skulum vona að það fari líka að vora hjá alþingismönnum okkar og að þeir fari að hrinda í framkvæmd raunhæfum úrræðum fyrir fjölskyldur sem búa við skuldavanda og atvinnuleysi. En á þeim bænum hefur allt verið helfrosið. Við skulum vona að botninum sé náð í kreppunni, að við förum að sjá fram á betri og bjartari tíma og hjól atvinnulífsins fari að snúast með eðlilegum hætti.

„Við viljum vinna“ eru kjörorð dagsins, og það á ákaflega vel við okkur Íslendinga því atvinnuþáttaka okkar er með því mesta sem gerist í heiminum.

„Við viljum vinna“ segja allir þeir sem misst hafa vinnuna og hafa fyrir fjölskyldu að sjá.

„Við viljum vinna“ segja öll þau ungmenni sem eru á atvinnuleysisskrá og hafa verið í sérstöku átaki hjá vinnuálastofnun.

„Við viljum vinna“ segja allir nemarnir sem koma á vinnumarkaðinn nú í sumar.

„Við viljum vinna“ segja allir þeir sem búa við skerta starfsgetu og þeir sem eru að ná sér eftir áföll, en þeim þarf að skapa tækifæri til að ná sér aftur á strik og svo störf við hæfi.

„Við viljum vinna“ en við gerum það ekki fyrir hvað sem er.

Fjöldmörg þeirra réttinda sem vinnandi fólk þykja sjálfsgöð í dag þurfti mikla baráttu og oft fórnir til að fá samþykkt. Það á við um samningsrétt, uppsagnarfrest, fæðingarorlof, vinnuvernd, orlofsrétt, lífeyrissjóði, launajafnrétti, 40 stunda vinnuviku og margt fleira.

Lögin um almannatryggingar voru sett árið 1936, eftir baráttu verkalyðshreyfingarinnar. Með þeim var viðurkennt að allir í samfélaginu bæru ábyrgð á að framfleyta þeim sem ekki hefðu tök á því sjálfir. Til dæmis fólk sem lenti í slysi, veiktist eða missti vinnuna. Andstæðingar verkamanna héldu því meira að segja fram í fullri alvöru að almennileg samfélagsþjónusta myndi yta undir veikindi og leti.

Á degi verkalýðsins eigum við að minnast þess að ekkert hefur áunnist án baráttu og þar skipta stéttarfélögin sköpum. Öfl frjálslyggj-

unnar komu okkur í mikla klípu og því er ljóst að nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt fyrir alla launþega þessa lands að standa saman svo endurreisnin takist sem allra best.

Félagar stöndum saman um félögin okkar og verjum réttindi okkar.

Aðalræða dagsins

Góðir félagar. Til hamingju með daginn.

Ég verð að segja að ég átti í nokkrum vandræðum með að finna upphafsávarp á þessum 1. maí árið 2010, baráttudegi verkalyðsins. Undanfarið ár höfum við sagt „gleðilega hátíð“ og getað borið höfuðið hátt og fagnað því sem áunnist hefur í baráttunni og ekki síður til að skerpa áherslur okkar til nýrra sökna. Mér finnst fagnaðarefnin vera færri í dag en oft áður.

Klukkan hefur færst nokkur ár til baka.



Atvinnuleysi og kjaraskerðingar hafa dunið á fjölda íslenskra launamanna sem leitt hefur af sér öðryggi í fjármálum og sett afkomu fjölda heimila í uppnám. Afborganir lána og rekstar-kostnaður heimilanna hafa hækkað gríðarlega vegna verðbólgu og gengislækkunar krónunnar. Á Norðurlandi glímur fjórða hvert heimili við greiðsluvanda, sér ekki fram á að geta greitt af lánum sínum hvað þá að tryggt sé að

geta greitt fyrir mat og aðrar nauðsynjar. Þetta eru ekki nýjar staðreyndir fyrir ykkur, ég veit það, því þetta er hinn bitri raunveruleiki dagsins í dag.

Kjörorð dagsins „Við viljum vinna“ er krafa dagsins í dag. Rétturinn til vinnu eru grundvallarmannréttindi, atvinnuleysi er fjötur. Skulda-fjötur, hugarfjötur, atvinnuleysi brýtur niður sjálfsvirðingu, leiðir til einangrunar. Í lok mars var atvinnuleysi á Íslandi 9,3%, sem eru 16.482 einstaklingar, þar af eru um 2.600 í hlutastörfum, þetta er mesta atvinnuleysi sem verið hefur á Íslandi. Á Norðurlandi eystra var það 7,9% eða 1.128 einstaklingar.

En hvað segja þessar tölur okkur. Þær segja harmsögu einstaklinga og fjölskyldna. Fótunum er í einu vetfangi kippt undan tilveru þeirra. Forsendur fjárhagslegra skuldbindinga bresta, skuldir hlaðast upp og sjálfstraustið býður hnekki. Afleiðingarnar eru fjárhagslegar, félagslegar og andlegar.

Þessar tölur segja okkur líka að 16.482 einstaklingar setji fram þessa sjálfsgöðu kröfu „ÉG VIL VINNA“, ég vil taka þátt í daglegu lífi og fá að stunda vinnu eins og ég var vanur/vön. Þær segja okkur að 16.482 einstaklingar þurfi að tryggja afkomu sína og framfærslu með atvinnuleysisbótum.

Ef við skoðum töluna 16.482 í samhengi við alla íbúa Akureyrar sem voru 17.500 1. des sl. sjáum við að atvinnuleysi á Íslandi er nánast jafnmikið og að allir íbúar Akureyrar, ungir sem aldnir gengju um atvinnulausir. Hvernig væri Akureyri ef hér hefði nánast engin vinnu, allir á atvinnuleysisbótum? Er það ekki hugsun sem erfitt er að setja sig inn í. Jú, ég geri ráð fyrir því, sem betur fer. Viljum við samfélag sem fjötrar íbúa sína? Svipir íbúa sína réttinum til að vinna og afla tekna og til að geta skapað sér og sínum mannsæmandi lífskjör? Ég er viss um að svar okkar allra er NEI, stórt NEI, við viljum ekki svona samfélag. Við viljum samfélag sem



1. maí á Siglufirði

Fjölmargir Siglufirðingar kíktu í kaffi á skrifstofu félagsins þann 1. maí sl. en þar var öllum boðið að þiggja kaffiveitingar í tilefni dagsins. Margrét Jónsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Einingarlöju á Siglufirði, flutti þar einnig ávarp 1. maínefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð.

Gleðilegt sumar!



Tryggvabraut 10 - 600 Akureyri
Sími 463 3000 - www.ejs.is

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar

Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS)

Skeifan 8 2. hæð • 108 Reykjavík • sími: 599 1450 fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is



tryggir öllum rétt til að nýta hæfileika sína og skapa sér þau lífskjör og umhverfi sem hver og einn sækist eftir.

Finnst okkur ekki krafan „**Við viljum vinna**“ í miklum ósamhljómi við það að við búum á Íslandi árið 2010, landi sem er ríkt af gæðum, náttúru og tækifærum. Landi sem talið hefur verið með ríkustu löndum í heimi. Þar sem lífs-gæði hafa verið með því besta sem gerist á þessari jörð. Menntum á háu stigi. Þannig mætti lengi telja. En hvað er þá að á Íslandi, landinu okkar. Mér líður stundum eins og ég hafi verið rændur. Var ég ekki annars rændur? Jú, ég var rændur því Íslandi sem ég þekkti í upphafi þessarar aldar. Misvitirir og/eða spilltir stjórnálamenn og græðgivaðdir einstaklingar fóru eins og eldur í sinu um fjármála- og bankakerfi landsins. Mig langar að vitna í orð Vilmundar Jósefssonar formanns Samtaka atvinnulífsins sem hann lét falla fyrir nokkru. „Ljóst virðist að þann tíma sem skýrslan fjallar um hafa leikið lausum hala ýmsar höfuðsyndir mannkyns um árþúsundir; óhöf, græðgi, dádleysi, heift, öfund og dramb“. Allt virtist leyfilegt. En svo skyndilega eins og hendi væri veifað, allt búið. Þá var farið að tala um skuldir og spilaborg. Bjó ég í spilaborg? Jú það var víst þannig, en ég var aldrei spurður, og þegar hún hrundi skildi hún eftir sig gjörbreytt samfélag. Samfélag sem í dag þarf að horfa upp á 16.482 vinnufæra Íslendinga sem krefjast mannréttinda. Krefjast þess að fá að vinna.

Eitt af því sem ég fékkst töluvert við á fyrstu árum þessarar aldar voru samskipti við fyrirtæki sem voru með útlendinga í vinnu. Sérstaklega þau fyrirtæki sem vildu ekki virða íslensk lög og reglur. Töldu að þeir gætu ráðið því sjálfir hvaða kjör og hvaða reglur giltu. Eitt var það sem kom mér verulega á óvart, það var ráðgjöf svokallaðs virts endurskoðunarfyrirtækis. „Láttu bara á það reyna“ var ráðlegging lögfræðings þess þegar spurt var um lögmæti þess að nota óskráð vinnuafll. Og ég velti fyrir mér fengu þá



ekki fleiri þessa ráðleggingu, „láttu bara á það reyna“. Þetta snýst um að láta þann sem brotið er á sanna að hann eigi rétt eða sé ekki sekur? Þetta er kallað að snúa sönnunarbyrðinni við. Þarf ekki að vera lögbrot, en hvar er siðferðið. „Löglegt en siðlaust“ eða „ekki endilega lögbrot en klárlega siðlaust“. Forseti lýðveldisins Íslands sagði eftir að skýrslan svo nefnda kom fram. „Forsetaembættisins var ekki getið í skýrslunni og það sem fram kemur í skýrslu siðfræðinefndarinnar eru að stærstum hluta rangfærslur“. Þetta var og er hugaríandi, ef ekki er hægt að sanna á mig lögbrot er þetta í lagi. Eða hvað fellst í orðum hans. Ragnhildur Geirsdóttir sem var um tíma forstjóri FL Group sagði um Hannes Smárason starfandi stjórnarformann „ég á þetta ég má þetta“ um millifærslu á rúmum 3 milljörðum króna sem ekki var hægt að skýra.

Það er dálítið athyglisvert að það skyldi þurfa að liða 18 mánuðir áður en við söum viðbrögð stjórnálamanna. Hafa þeir sagt af sér, nei, reyndar einn varaformaður. Tímabundið leyfi og þeir sem þáðu hæstar upphæðir í eigin prófkjörbaráttu segja, „ég hef ekki brotið lög eða reglur“ Hvar er siðferðið? Hugsa þeir kannski „látum bara á það reyna hvort ég komist ekki upp með það“ Síðan eiga þeir að semja lögin sem ég og þú eigum að fara eftir. Sannfærandi, finnst ykkur það ekki.

Hitt er ekki síður athygli vert að það er bara einn eða tveir „útrásarvíkingar“ sem til þessa

hafa beðist afsökunar, annar þeirra sá líka ástæðu til að lýsa því yfir að hann ætlaði að borga lánin sín. Og ég velti fyrir mér hvort hann hafi þá ekki ætlað að greiða lánin til baka fyrir þann tíma. Það er mikið örlæti sem sumir menn sýna. Ekki eigum við um marga kosti að velja aðra en borga eða missa.

Samtök launafólks á Íslandi hafa margoft bent á að leiðin upp úr vandanum sé að koma hjólum atvinnulífsins af stað þ.e. skapa ný störf í stað þeirra sem hafa tapast. Þess vegna setjum við fram kröfuna „**Við viljum vinna**“. Okkur skortir ekki verkefni. Ríkisstjórn Íslands hefur ítrekað lofað að hefjast handa við framkvæmdir sem kæmu hjólum atvinnulífsins af stað eins og það er orðað. Þetta voru forsendurnar fyrir aðkomu okkar að Stöðugleikasáttmálanum. Með gerð hans frestaði og afsalaði launafólk umsömdum kjarabótum og axlaði mikla ábyrgð með það að markmiði að stuðla að endurreisn efnahags- og atvinnulífsins á grundvelli siðferðis, samfélagslegrar ábyrgðar og á grundvelli norræna velferðarkerfisins. Þannig er þetta orð að við hátíðleg tilefni.

Ljóst er að samstarfið við ríkisstjórn og Samtök atvinnulífsins sem nú hafa sagt sig frá áttmálanum hefur ekki gengið eins og að var stefnt og stöðugleikasáttmálinn hefur því miður ekki reynst sá vettvangur sem við væntum, m.a. vegna þess að stjórnmöld hafa ekki litið á hann sem forsendu ákvarðana. Hvað sem þessu líður stendur verkefnið eftir óleyst og er



enn brýnna nú en áður að finna lausnir sem gagnast fólki og fyrirtækjum. Við verðum að gera þá kröfu að Samtök atvinnulífsins komi aftur að Stöðugleikasáttmálanum vegna þess að forsenda samkomulags okkar við Samtök atvinnulífsins um frestun launahækkana byggði á samstarfi um endurreisn og fjölgun starfa. Þeir geta ekki og mega ekki láta þrönga hagsmunum útgerðarmanna einna setja hagsmunum þjóðarinnar, okkar í slíkt uppnám. Þessi framkoma samstarfsaðila okkar er því með öllu óásættanleg og það verður ekki við hana unað. Við íslenskt launafólk erum þau einu sem greitt hafa fórnarkostnað Stöðugleikasáttmálans. Nú krefjumst við þess að Samtök atvinnulífsins og ríkisstjórnin standi við sinn hluta, því „VIÐ VILJUM VINNA“.

Í minnisblaði vegna verklegra framkvæmda með stöðugleikasáttmálanum má lesa eftirfarandi. „Það er ekki að ástæðulausu að horft er til fjárfestinga þegar ræddar eru leiðir til að blása lífi í efnahagslífið. Ágætt er að líta til tveggja sjónarmiða sem eiga annars vegar við til skamms tíma og hins vegar til lengri tíma. Til skamms tíma eru það öðru fremur störf á framkvæmdatíma sem eru undir - þegar fjárfestingar og framkvæmdir dragast saman fækkar mjög störfum einkum á vissum sviðum iðnaðar. Það kemur samstundis fram sem samdráttur í efnahagslífinu og er auðvitað erfiður. Mikill samdráttur í fjárfestingum er hins vegar enn alvarlegri þegar til lengri tíma er lítið“.



ASÍ boðaði til fundar þriðjudaginn 27. apríl með þeim aðilum sem höfðu frumkvæði að gerð Stöðugleikasáttmálans. Krafa ASÍ er að Samtök atvinnulífsins komi aftur að borðinu. Í tillögu ASÍ til fundarins segir m.a.

„Forysta ASÍ lýsir því miklum áhyggjum af stöðu þessara mála. Þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu frumkvæði að með því að semja um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins og bætta stöðu heimila og fyrirtækja, standa óbreytt. Minnt er á að rúmlega 16.000 manns eru án atvinnu sem stendur og verulegar líkur á að þeim fjölgi enn frekar. Ábyrgð samningsaðila vinnumarkaðar er mikil og væntingar launafólks og almennings standi til þess að við höfum ákveðna forystu um að leiða þjóðina út úr þessum ógöngum“.

Í fylgigögnum með Stöðugleikasáttmálanum,

sem finna má á vef ASÍ, er listi yfir þau verkefni og fjárfestingar sem átti að ráðast í eftir undirritun hans.

Núverandi ríkisstjórn ætlaði að láta verkin tala, ætlaði að vera ríkisstjórn framkvæmda en ekki kyrrstöðu. Ráðherrarnir mega ekki gleyma því að ef verkin ekki tala, æpir þögnin.

Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra sagði í Kastljósi 21. apríl að besta leiðin til að aðstoða þá sem eru í mestum greiðsluferfiðleikunum væri að fjölga störfum og auka hagvöxt. Hvað tefur Ríkisstjórn Íslands? Í dag er hún að bregðast okkur, vanmeta vanda rúmlega 16.000 íslendinga sem ganga um atvinnulausir en vilja vinna.

Félagar missum samt ekki vonina. Krafa okkar er einföld í dag. „VIÐ VILJUM VINNA“.



Vinningshafar frá 1. maí á Akureyri

Allir sem tóku þátt í hátíðarhöldunum á Akureyri þann 1. maí sl. fengu afhenta happdrættismiða. Dregið var í Sjallanum þar sem hátíðardagskráin fór fram. Í ár voru níu vinningar í boði. Sex gjafabréf frá stéttarfélagunum þar sem í boði var helgarleiga næsta vetur í orlofshúsum þeirra; fjórar helgarleigir á Illugastöðum, ein í Svignaskarði og ein í Munaðarnesi. Einnig voru dregin út þrjú gjafakort, hvert að verðmæti kr. 10.000 frá Bónus, Hagkaup og Nettó.

Á myndinni eru þau sem áttu þau vinningsnúmer sem Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, og Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-löðu, drógu upp úr pottinum.





SÍMEY 10 ára



Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, eða SÍMEY eins og miðstöðin er nefnd í daglegu tali, var stofnuð 29. mars árið 2000 og er því tíu ára um þessar mundir. Markmið SÍMEY er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf.

Það er mikið líf og fjör hjá SÍMEY, þar starfa nú átta starfsmenn og sá níundi tekur til starfa í byrjun ágúst, en að auki eru rétt um 100 verktakar sem koma að kennslu á námskeiðum miðstöðvarinnar á hverju ári. Á þeirri önn sem nú er að ljúka hafa rétt tæplega 500 manns sótt lengri og styttri námskeið hjá SÍMEY eða lokið raunfærnimati, en þá eru ótaldir allir þeir sem hafa komið í viðtöl til náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar.

Stofnaðilar SÍMEY eru stéttarfélag í Eyjafirði, Háskólinn á Akureyri, framhaldsskólarnir á Akureyri, listaskólarnir á Akureyri, sveitarfélög í Eyjafirði, félag atvinnurekenda og ýmiss fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Í upphafi stóð ekki til að SÍMEY starfaði sem fræðsluaðili, en þegar fullorðins-

fræðsla VMA lagðist af var allt í einu ekki hægt að sækja tungumálanámskeið í Eyjafirði og við svo mátti ekki búa. SÍMEY tók því að sér að útvega kennara og setja upp slík námskeið í eigin nafni. Með tilkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) hefur þessi þáttur starfseminnar svo farið vaxandi. FA greinir námsþarfir hjá fyrirtækjum, starfsstéttum og einstaklingum sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla, lýsir námstilboðum í sérstökum námskrám sem símenntunarmiðstöðvar eins og SÍMEY bjóða síðan uppá.

SÍMEY býður upp á náms- og starfsráðgjöf en slík ráðgjöf er góð hvatning sem getur haft úrslitaáhrif þegar tekist er á við ný verkefni. Hvatning til virkrar símenntunar, sem og aðstoð við þá sem vilja auka menntun sína og færni. Fólki getur þantað og komið í viðtal sér að kostnaðarlausu, fengið ráðgjöf og eða þreytt áhugasviðspróf, sem er gagnleg leið til að finna út hvaða leiðir henta hverjum og einum.

Símenntun

Framboð símenntunar er með allra mesta móti hjá SÍMEY og þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og á öllum skólastigum fullorðinna. Boðið er upp á lengri og styttri námskeið í 6 flokkum. Í flokknum tólmundir er í flestum tilfellum stystu námskeiðin en þau fjalla um allt milli himins og jarðar eins og moltugerð, steinamálun, skyrtustraujun, landslagsljósmyndun og margt fleira.

Nám í flokknum starfsmenntun er ætlað til að efla einstaklinga í starfi innan ákveðinnar starfsstéttar. t.d. stjórndur, starfsólk í ferðaþjónustu, byggingarliða, starfsólk í félagsþjónustu, skrifstofufólk o.s.frv. Í þessum flokki eru flestar námsbrautir á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins auk stakra námskeiða á vegum SÍMEY og annarra fræðsluaðila.

Almenn námskeið leggja áherslu á að efla og/eða fylla upp í þá þekkingu sem gengið er út frá að menn hafi að loknum grunnskóla. Hér er t.d. um að ræða námsleiðir sem er beint að einstaklingum með lestrarörðugleika eins og lesblindu. Einnig er hér um að ræða nám sem er



hannað fyrir fólk sem hefur hætt námi snemma en langar að taka upp þráðinn að nýju.

Námskeið sem falla undir persónuhæfni beinast að því styrkja og efla einstaklinginn sem persónu. Hér er að finna námskeið í mannlegum samskiptum, tjáningu, hópefli, sjálfsstyrkingarnámskeið o.s.frv.

SÍMEY býður upp á stök 20 klst tungumálanámskeið bæði á vor- og haustönnum. Vinsælustu tungumálin hafa verið enska, danska og norska en einnig hefur verið boðið upp á ítölsku, spænsku og japönsku.

Síðast en ekki síst má nefna tölvunámskeiðin en í þann flokk falla stök námskeið sem ætlað er að auka færni fólks á tölvur. Boðið er upp á námskeið sem ætluð eru byrjendum sem lengra komnum, almenn tölvunámskeið og námskeið í einstökum forritum.

Markviss

Þrír Markviss ráðgjafar eru starfandi hjá SÍMEY. Markviss (Markviss uppbygging starfsmanna) er aðferðafræði sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa sérhæft sig í. Markviss er verkfæri til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum.

Með Markviss er tekist á við verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar og þjálfunar. Hlutverk Markviss ráðgjafanna er að leiðbeina fyrirtækjum t.d. við markmiðasetningu, upplýsingasöfnun, greiningu og lausn vandamála sem upp geta komið í ferlinu. Fjölmargir fyrirtækjaskólar hafa sprottið upp úr Markviss-verkefnum. Starfsmenn SÍMEY vinna með skólunum, sem bjóða starfsmönnum sínum fjölbreytt úrval starfsmenntunar á hverri skólaönn.

SÍMEY tekur um þessar mundir þátt í Leonardoverkefninu JobCreator ásamt sex þátttakendum frá fjórum öðrum Evrópulöndum. Verkefnið snýst um að þjálfva atvinnuleitendur m.a. í því að koma sér á framfæri á vinnumarkaðnum og um að koma á fót sérstökum gagnabanka á netinu til að halda utan um þjálfunina og þjónusta, atvinnurekendur, vinnumiðlanir og atvinnuleitendur.



Útskriftarhátíð

Fimmtudaginn 27. maí sl. var mikil hátíð hjá SÍMEY en þá var í fyrsta skipti haldin formleg útskriftarhátíð þar sem 97 einstaklingar í sjö hópum voru útskrifaðir í einu. Þessir einstaklingar voru allir að ljúka námi sem SÍMEY býður upp á skv. þjónustusamningi við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Stysta námið sem útskrifað var úr þennan dag spannar 240 kennslustundir og það lengsta heilar 600 kennslustundir.

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins var stofnuð árið 2002, með það að markmiði að veita starfsmönnum sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Höfuðstöðvar SÍMEY eru í Þórsstíg 4 á Akureyri, en SÍMEY er einnig með skrifstofur og kennslustofur í Námsverinu á Dalvík.

Heimasíðan er www.simey.is



Ferðalangar á Norðurlandi

Langar ykkur í góðan mat á ferðalaginu?

Komið við á Hótel Varmahlíð og kíkið í matarkistu Skagafjarðar.

Veitingastaðurinn opinn frá 1. júní – 31. ágúst

Gisting og góður matur fyrir alla fjölskylduna

Hótel Varmahlíð

Skagafirði ☎ 453 8170
info@hotelvarmahlid.is
www.hotelvarmahlid.is

Ráðgjafinn er ljós í myrkrinu



Hér á eftir fer viðtal við Báru Höskuldsdóttur sem segir frá samskiptum sínum við Elsu Sigmundsdóttur, ráðgjafa í starfsendurhæfingu hjá stéttarfélagunum við Eyjafjörð. Viðtalið tók blaðamaður sem starfar hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði.

Báru Höskuldsdóttur, sem býr á Árskógsströnd, hefur fundist miklu skemmtilegra að vera innan um beitninga-fólkið í útgerðarfyrirtæki fjölskyldunnar, heldur en að vinna á skrifstofu fyrirtækisins. „Ég fór þess vegna að skera beitu, frá rúmlega 300 kg upp í rúmlega hálft tonn á dag. Ég var svo að lyfta þessu upp á bretti allan daginn en hver kassi vegur um 15 kg. Þetta var óskaplega skemmtileg vinna og líf og fjör en tók vissulega á þannig að bakið gaf sig í apríl í fyrra,” segir Bára.

Við læknisrannsókn kom í ljós að hún var með brjós-klos neðarlega í hryggnum, að því er hún greinir frá. „Þetta var mjög kvalafullt og ég mátti ekki sitja í hálft ár. Ég stóð við það nema þegar ég fór í bíl. Þá var mér hagrætt og stólbakið lagt nær alveg niður.“

Bára var send í sjúkraþjálfun á Dalvík sem er í um 10 mínútna akstursfjarlægð frá heimili hennar á Árskógsströnd. „Það stóð til að ég færi í aðgerð en þegar það kom loksins að því fannst mér ég finna einhver batamerki. Sjúkraþjálfarinn ráðlagði mér þá að bíða í tvo mánuði og ég sé ekki eftir því. En svo kom bakslag í núna í janúar. Þá var ég alveg búin á því. Ég hélt að ég þyrfti að byrja á þessu öllu upp á nýtt og vildi fara strax í aðgerð. En þetta gekk fljótt til baka. Brjósstykkið, sem hafði losnað og þrýst á taug, hefur eyðst þannig að ég þarf ekki að fara í aðgerð. Ég er voðalega fegin að hafa þraukað en þetta voru erfiðir tímar.“



Leiðinlegt að borða standandi

Það er fyrst nú sem Bára er farin að reyna að sitja stutta stund í senn. „Það var ótrúleg upplifun að geta ekki tyllt sér hvar sem maður kom og spjallað við fólk en vegna brjós-klossins þurfti ég að liggja og standa til skiptis og ég þreyttist fljótt í þeim stellingum. Ég fór eiginlega ekkert út úr húsi í marga mánuði. Ég fór hvorki í veislur né boð og mér fannst eiginlega best að vera bara heima. Í þau fáu skipti sem ég mætti stóð ég ein upp á endann og allir gláptu og hugsuðu sennilega með sér hvort manneskjan ætlaði ekki að setjast. Að borða standandi er auk þess það leiðinlegasta sem ég geri. Þegar ég stóð var alltaf eins og ég væri að fara og ég fann að þeim sem komu í heimsókn til mín leið illa af því að ég stóð alltaf.“

Gott að hitta fólk

Bára segir að það hafi verið eins og ljós í myrkrinu að fá upphringingu síðastliðið haust frá Elsu Sigmundsdóttur, ráðgjafa í starfsendurhæfingu stéttarfélaganna við Eyjafjörð. „Það var alveg yndislegt að fá boð um þjónustu Starfsendurhæfingarsjóðsins. Við Elsa höfum hist einu sinni í mánuði frá því í september og eigum mjög gott spjall. Hún stappar í mig stálinu og gefur mér góð ráð. Hún spurði mig til dæmis hvort ég vildi ekki nýta mér einhver námskeið til þess að koma sterkari til vinnu. Mér var boðið að fara í skrifstofuskóla sem mér leist rosalega vel á. Þetta voru þrjár klukkustundir í senn þrisvar í viku en ég get ekki setið lengi. Mig langaði mikið til þess að sækja þetta námskeið en ég treysti mér ekki til þess. Ég fór hins vegar á stutt tölvunámskeið þar sem ekki er setið jafnlengi í senn. Það er gott að komast út og hitta fólk.“

Að sögn Báru var hún eiginlega farin að loka sig af. „En sem betur fer var fjölskyldan dugleg að heimsækja mig og vera með mér og það hjálpaði mér mikið. Annars hefði ég lagst í mikið þunglyndi.“

Ráðgjafinn bauð Báru að fara til sálfræðings á kostnað Starfsendurhæfingarsjóðs en það leist henni ekki á. „Mér fannst ég vera svo brothætt. Ég var hrædd um að ef ég færi að tjá mig eitthvað um einangrunina og kvalirnar myndi ég brotna alveg niður. Ég ætlaði að þrauka þetta sjálf.“

Hún þáði hins vegar boð sjóðsins um ókeypis sjúkraþjálfun. „Ég hafði samkvæmt læknisráði farið til sjúkraþjálfarans á Dalvík og greitt fyrir það sjálf með þátttöku Sjúkratrygginga. Starfsendurhæfingarsjóður bauð mér áframhaldandi sjúkraþjálfun án endurgjalds. Núna fer ég bara sjálf í tíma þrisvar í viku. Ég fer ekki upp á bekk inni á stofu, heldur sé sjálf um mínar æfingar,” segir Bára sem nú er farin að geta farið út að ganga á hverjum degi.“

Sátt og ánægð


Bára bætir því við að Elsa hafi ekki bara stutt hana til þess að öðlast betri andlega og líkamlega heilsu, heldur hafi hún veitt henni öll möguleg ráð varðandi réttindi hennar í tengslum við veikindaleyfið. „Hún hefur algjörlega ráðlagt mér hvert ég á að leita því að ég hef aldrei þurft að standa í neinu svona. Ég vissi ekki hvaða rétt ég átti, hún kom mér alveg inn í það. Ég hafði aldrei heyrt um þessa þjónustu og þeir sem ég segi frá þessu hafa ekki heldur gert það. Þegar maður er veikur hugsar maður bara um að þrúka yfir daginn. Allt annað er óskaplega mikið álag, eins og að þurfa að fara að redda öllum sínum málum sjálfur. Elsa hefur verið algjör hjálparhella. Ég fer frá hverjum fundi með henni sátt og ánægð.“



Félagavefur Einingar-löðu

Rétt er að minna á félagavef Einingar-löðu sem veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má fyrir ofan efstu frétt á forsíðu heimasíðunnar www.ein.is og hafa möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Eining-löðu þakkar eftirtöldum veittan stuðning





VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

Kom sterkari til vinnu



Hér á eftir fer viðtal við ungan Norðlending sem segir frá samskiptum sínum við Elsu Sigmundsdóttur, ráðgjafa í starfsendurhæfingu hjá stéttarfélagunum við Eyjafjörð. Ungi maðurinn, sem greindist með eitlakraðbamein í fyrra, óskar nafnleyndar. Viðtalið tók blaðamaður sem starfar hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði.

„Þessir fundir sem ég hef setið hjá ráðgjafanum eru náttúrliga bara búnir að vera gull. Þarna situr maður í rólegheitum og getur talað um allt og ekkert. Maður fær svör við því sem brennur á manni og sem maður hefur kannski ekki skilið annars staðar í kerfinu. Ef upplýsingarnar liggja ekki fyrir þegar ég spyr þá er þeirra aflað og svo eru þær tilbúnar á næsta fundi.“

„Ég greindist í lok mars í fyrra en var búinn að vera með það sem ég hélt að væri væg flensa í tvo mánuði. Samanlögð einkenni urðu þó til þess að ég fór loks til læknis. Ég var með stingi í öxl, handarkrika og brjóst-kassanum sem voru að ágerast og stöðugt nefrennsli. Ég var alltaf að sjúga upp í nefið en þegar ég var hættur að geta það hélt ég að það væri vegna ónotkunar á vöðvunum milli rifbeinanna. Það reyndist hins vegar vera allt annað.“

Líffærin ekki á réttum stað

Þegar hann leitaði fyrst til læknis vegna veikindanna var hann sendur heim með lyfseðil upp á þúst við berkjubólgu. „Það virkaði ekkert. Ég fór þá aftur til læknis og í þetta skiptið að degi til sem ég gerði ekki í fyrra skiptið. Ég var sendur í röntgenmyndatöku og þá sást meðal annars að líffærin í brjóstholinu voru ekki á réttum stað. Við sneiðmyndatöku sást að ég var með krabbamein í eitli milli lungnanna. Það var það stórt að það hafði ýtt öðru lunganu út í horn.“

Við tók lyfjameðferð sem ungi maðurinn fór í á þriggja vikna fresti. „Þetta urðu alls átta skipti. Maður fær kokteil af lyfjum og lyfjagjöfin tók sex klukkustundir í hvert sinn. Maður er alveg sleginn niður við þetta og fær svo ekki næsta skammt fyrr en maður er svo hress að maður höndli hann.“

Í ágúst í fyrra eða um svipað leyti og lyfjameðferð lauk

hringdi Elsa ráðgjafi í Norðlendinginn unga. „Hún boðaði mig á fund til sín og kynnti mér það sem var í boði. Ég var búinn að fara í sjúkraþjálfun, sundleikfimi og skipulagðar gönguferðir sem var mánaðarprógramm. Elsa kom mér í áframhaldandi endurhæfingu hjá sjúkraþjálfara. En það er ekki bara verið að koma manni í líkamlega endurhæfingu, heldur andlega líka og ég ákvað að þiggja tíma hjá sálfræðingi.“

Hræðslan fer með mann

„Mér finnst í rauninni meiri þörf á sálfræðiaðstoð eftir að meðferð líkur. Maður er bölvandi á meðan á henni stendur þannig séð en sér samtímis alltaf einhvern endapunkt, það er að segja að þetta eigi eftir að klárast og að manni eigi ekki eftir að líða svona illa líkamlega endalaust. Þá hefur maður líka um annað að hugsa en að mæta á fundi hjá sálfræðingi úti í bæ. En svo þegar lyfjameðferðinni er lokið gerir hræðslan um að þetta komi aftur vart við sig og hún fer alveg með mann. Þá er gott að fá einhvern til þess að hræra í hausnum á manni og benda manni á að þótt manni líði kannski ekki vel sé maður ekki geðveikur. Ég kem sterkari til vinnu vegna þeirrar hjálpar sem ég hef fengið á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs. Ég hefði lent í dýpri holu eftir hálf til eitt ár ef ég hefði ekki fengið þessa hjálp.“

Hann kveðst jafnframt afar þakklátur fyrir þær upplýsingar sem hann fékk hjá ráðgjafanum um réttindi sín í tengslum við veikindin. „Ég var eins og í móðu á meðan ég var í meðferð og meðtók ekki alveg þær upplýsingar sem ég fékk hjá læknum. Kerfið gerir heldur ekki ráð fyrir því að þeir hafi tíma til þess að ganga úr skugga um að sjúkl-ingurinn hafi skilið allt rétt. Það var þess vegna gott að fá hjá ráðgjafanum allar upplýsingar um þann rétt sem maður á í sambandi við fjarveru frá vinnu vegna veikinda.“

Hægt að velta öllu upp

Það var í byrjun mars síðastliðins sem hann gat snúið aftur til vinnu og þá í hálf starf. „Elsa benti mér á að ég þyrfti ekki að byrja í 100 prósent starfi. Ég ákvað þess vegna að byrja í hálfu starfi í tvo mánuði í stað þess að sitja heima mánuði lengur og gera ekkert. Að fara út og kíkja í

vinnuna virkar í raun eins og geðlyf. Maður grípur í eitt-hvað þótt maður sitji ekki í 10 klukkustundir og svitni yfir excel. Það er gott að sitja í smástund, skilja eitthvað eftir sig og fara svo. Ég vil hvetja alla, ef aðstæður á vinnustað bjóða upp á það, að byrja ekki alveg á fullu. Þá þarf heldur ekki að troða í mann pillum og niðurgreiða þær. Það er ódýrara fyrir þjóðarþúið."

Ungi maðurinn fer enn á fund Elsu, að því er hann greinir frá. „Ég hitti hana á þriggja vikna til mánaðarfresti. Það er mjög gott og ég veit í rauninni ekki hvar ég væri án þess. Á þessum fundum er hægt að velta öllu upp og þæla í. Þessi þjónusta Starfsendurhæfingarsjóðs er algjörlega frábær."



Einingar-löjufélagar Athugið!

Enn eru nokkur sæti laus
í þriggja daga
síðsumarferð félagsins
9. til 11. ágúst 2010

Farið verður í Herðubreiðarlindir, Öskju, Dreka,
Kverkfjöll og Hvannalindir.

Skráning og nánari upplýsingar má
fá í síma 460 3600 og á www.ein.is

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.
Eining-löja / Skipagata 14 / Akureyri / 460 3600 / www.ein.is



VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?

VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BÍFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is



www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

GEIUSÓFAN

Sveitamennt styrkur þinn til náms

Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga
á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsreinasambands Íslands

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar

Sveitamennt
Skelfan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is



ÁSPRENT BÝÐUR HEILDSTÆÐAR LAUSNIR Í KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁLUM

Hjá Ásprenti býðst víðtæk þjónusta á sviði prentunar allt frá hönnun og umbroti til prentunar og bókbands. Við bjóðum jafnt offsetprentun sem stafræna prentun auk þess að standa framarlega á sviði límíðaprentunar. Ásprent er hluti af Ásprenti Stíl ehf. sem einnig rekur stafrænu prentstofuna Stíll og auglýsingastofuna og skiltagerðina Stíll. Þannig getum við boðið:

Alhliða prentþjónusta
Límíðaprentun
Bókband
Útgáfu
Stafræna prentun

Hönnun og umbrot
Skiltagerð
Bílamerkingar
og margt fleira...

HAFÐU SAMBAND OG HEYRÐU
HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG?



ÁSPRENT

Ásprent Stíll ehf. | Glerárgötu 28 | 600 Akureyri | Sími 4 600 700 | www.asprent.is

Dyravarðanámskeið

„Dyravarðanám byrjaði hér á Akureyri“

- segir Steini Pje

Frá árinu 2000 hefur Eining-löja í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri staðið fyrir námskeiðum fyrir dyraverði. Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-löju, og Þorsteinn Pétursson lögreglumaður, betur þekktur sem Steini Pje, hafa haldið utan um þessi námskeið frá upphafi.

Námskeiðin eru bæði bókleg og verkleg, bóklegu tímarnir fara fram í Einingar-löjusalnum í Alþýðuhúsinu en verklegar æfingar fara fram á slökkvistöðinni og í KA-heimilinu. Farið er yfir fjölmarga þætti sem fylgja starfi dyravarða, m.a. er fjallað um samskipti dyravarða og lögreglu, kennt hvernig skoða á skilríki, kynnt er reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega handtöku. Veitt er fræðsla um fíkniefni og það helsta í sambandi við tryggingar í starfi og einnig er fjallað um réttindi og skyldur starfsmanna sem og vinnuveitenda. Í verklega þættinum er kennd slysaþjálf, farið yfir brunavarnir og einnig er farið í gegnum ferlið í sambandi við hvernig eigi að bera sig við að handtaka menn.

Um síðustu mánaðamót lét Steini af störfum í lögreglunni og var hann fenginn til að segja aðeins frá námskeiðunum. Hann sagði m.a. að það væru nokkur hundruð sem þegar væru búnir að ganga í gegnum þessi námskeið og mennta sig sem dyraverðir. „Ég gæti trúað að þeir séu nálægt fimmhundruð og það er gaman að segja frá því að þetta dyravarðanám byrjaði hér á Akureyri. Ég man nú ekki af hverju, sennilega bara vegna þess að talið var nauðsynlegt fyrir dyraverði að hafa einhverja þekkingu því það myndi styrkja þá í starfi. Þannig hófst þetta samstarf hjá lögreglunni og Einingu-löju. Við höfum þróað og búið til þetta námsefni ár frá ári og betrubætt það. Ég hélt reyndar fyrsta námskeiðið árið 1995 og var búinn að halda nokkur slík á lögreglustöðinni áður en samstarfið við



Steini Pje og Lúlli löggubangsi.

Einingu-löju hófst. Þá voru þetta bara tvö kvöld en nú eru kvöldin orðin sex sem námskeiðið tekur.“

Námsefnið farið víða

Steini telur að þetta sé orðið mjög gott námskeið og segir að námsgögn frá þeim hafi verið send út um allt land. „Ef ég nefni nokkra staði sem hafa tekið upp þetta nám og nota gögn frá okkar má til dæmis nefna Húsavík, Sauðárkrök, Ísafjörð og Selfoss. Í framhaldi af þessu, þegar menn sjá þetta þróast, þá verða breytingar og nú eru skilyrði fyrir skemmtanahaldi og leyfi veitingastaða sem opnir eru að næturlagi þau að þar starfi menntaðir dyraverðir. Nú er það orðin krafa.“

Andlit staðarins

Steini telur að dyravarsla hafi almennt batnað við þessi námskeið og segir að viðmót dyravarða skipti öllu máli. „Hann er það fyrsta sem þú sérð af staðnum og reyndar það síðasta líka. Ef hans viðmót er gott, er bæði kurteis og glaðlyndur, þá hefur það ekkert lítið að segja fyrir staðinn. Ég held ég geti fullyrt að hér á Akureyri hafi dyraverðir reynt mjög vel. Við erum t.d. ekki að fá kærur eða kvartanir vegna ofbeldis dyravarða. Við höfum heyrt það annarsstaðar frá að það sé verið að kvarta undan harðhentum dyravörðum, en ekki hér. Þetta tel ég að sé meðal annars námskeiðunum að þakka,“ segir Steini og bætir við að á námskeiðunum sé m.a. fræðsla um fíkniefni og að dyraverðir séu ótrúlega glöggir á að þekkja þá sem eru undir áhrifum fíkniefna. „Það má segja að dyraverðir séu í lykilaðstöðu til að fylgjast með lífinu í kringum



Meðal annars er farið yfir brunavarnir á námskeiðinu



Nýtskrifaðir dyraverðir ásamt Steina, Matthildi og Daníel.

skemmtanálífið. Á námskeiðinu er þeim líka uppálagt að fylgjast með því að það sé ekki verið að fara burt með einstakling sem er með litla rænu. Við vitum hvaða afleiðingar það getur haft og í hvaða tilgangi það er gert.”

Hreint sakavottorð

Steini segir að viðkomandi þurfi að vera með hreint sakavottorð fimm ár aftur í tímann til að fá að sitja dyravarðanámskeið. „Það er að segja að þú sért ekki kærður fyrir ofbeldisbrot eða fíkniefnabrot. Ef þú ert kærður fyrir þetta þá færðu ekki að sitja námskeiðið. Við höfum þurft að hafna umsækjendum og það minnir mann enn og aftur á hve nauðsynlegt það er, sérstaklega fyrir ungt fólk, að gæta sín. Vera ekki að fara út á þá braut að fá dóma fyrir afbrot. Ganga frekar hinn þrönga veg réttvísinnar.”

Hvað nú?

Hvað segir Steini um það þegar hann sér næst auglýst dyravarðanámskeið hjá Einingu-löju? „Þá verður bara einhver annar en ég að sjá um það, nema ég fái starf við það, ég veit það ekki. Það getur vel verið. Ég er alveg tilbúinn til að koma áfram að þessum námskeiðum. Ég hef haft mjög gaman af þessu. Það er mikil kúnst að vera með fyrirlestur sem nær til eyrna fólks og þarna eru margir með frekar þurrt og leiðinlegt efni, lög og reglugerðir sem erfið er að gera skemmtilegt. Ég er feginn að vera ekki fjalla um það og í mínu erindi leyfi ég mér að filósera svona ýmislegt annað sem er mjög nauðsynlegt að koma inn á og tala m. a. um framkomu dyraverðanna, oft stundum leikrænt. Það er mjög gaman að því.”

Fræðslustarfið

Það er ekki hægt að sleppa Steina þjé án þess að spyrja hann um fræðslustarfið í lögreglunni. „Þetta er minn aðal starfsfélagi í leikskólunum,” segir Steini og bendir á Lúlla löggubangsa. „Nú verður hann munaðarlaus nema einhver önnur löggá taki hann að sér, því það verður enginn ráðinn í mitt starf og því miður eru allar líkur á því að það muni draga verulega saman hvað fræðsluna varðar. Ég hef

verulegar áhyggjur af því vegna þess að við þurfum að ná eyrum ungs fólk og bara það að láta lögregluna kenna ungvíðinu hvernig á að fara yfir götu, nota hjálminn og svoleiðis skiptir gríðarlegu máli. Hér á Akureyri hafa verið mjög fá slys, sjö, níu þrettán, og ég leyfi mér að segja að góð fræðsla á þar stóran hlut að máli. Það ber árangur að vera með stöðugt eftirlit, fræðslu og ýtni um að athuga vort allt sé í lagi. Það hversu vel hefur gengið má þakka hve lögreglumenn á Akureyri hafa verið duglegir við sitt starf.”

Steini hóf störf í lögreglunni á Dalvík þann 1. maí 1967 og þann 1. maí 1970 á Akureyri. Breytti um starfsvettvang um tíma og starfaði í 12 ár sem tollaendurskoðandi hjá Sýslumanni og gegndi á sama tíma starfi eftirlitsmanns vínveitingastaða. „Eftir það fór ég aftur í lögguna, m.a. vegna þess að það vantaði einhvern til að sjá um þetta fræðslustarf. Ég hef áhyggjur varðandi þróun löggæslunnar að því leyti að þetta er að breytast úr miklum samskiptum í lítil. Við vorum alltaf að tala við fólk og leiðbeina, en í dag þegar hefur verið fækkað svona hjá okkur þá er þetta ekki orðið neitt nema afskipti. Lögreglumaðurinn hefur ekki tíma til neins nema fara út og kæra t.d. fyrir hraðakstur og fara inn og skrifa skýrslu. Þannig að ég óttast þessa breytingu.”

Er hann hæfur?

„Ég verð að segja frá einu skemmtilegu atviki sem gerðist fyrir nokkrum árum svona að lokum,” segir Steini. „Þannig var að það átti ekki að samþykkja dreng, sem hafði menntað sig hjá okkur, sem dyravörð í Reykjavík. Lögregluýfirvöld fyrir sunnan óskuðu eftir því að við myndum senda þeim námsgögnin sem við værum að nota, svo þeir gætu séð hvort þeir gætu samþykkt dyraverði frá okkur. Sýslumaðurinn á Akureyri hafði húmor fyrir þessu og hann ásamt Daníel yfirlögregluþjóni sendu þeim gögnin en óskuðu jafnframt eftir því að fá send námsgögn frá þeim til að við gætum séð hvort við gætum samþykkt dyraverði frá þeim. Það kom aldrei svar frá þeim nema það að okkar maður var samþykktur. Þeir í Reykjavík tóku upp svona námskeið töluvert seinna heldur en við og ég veit ekki annað en þeir hafi notað sumt af okkar hugmyndum.”

Do członków związku Eining-Iðja

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12- dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). W tym roku jest to suma 25.800 koron w przypadku pracy na pełnym etacie, zgodnie ze wszystkimi umowami zbiorowymi.

Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Zgodnie z umowami zawartymi z Federacją Pracodawców (Samtök Atvinnuflúðsins) należy wypłacić dodatek urlopowy na początku okresu ulopowego, ale nie później niż 15. sierpnia. Pracownicy zatrudnieni zgodnie z umowami Państwowej Komisji Umów Pracowniczych (Samninganefnd ríkisins) mają otrzymać wypłatę tego dodatku 1. czerwca, natomiast w umowach zawartych przez Komisję Zarządów Lokalnych do Spraw Płacowych (Launaneftnd Sveitarfélaga) znajduje się zapis, że dodatek urlopowy należy wypłacić 1. maja.

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Można nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 580 koron. Bilety można również nabywać u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน

สิทธิในการขอลาพักร้อน (Réttur til að taka sumarfrí)

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้ แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด ด้วยการโทรและทิ้งข้อความ

เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

บัตรลดค่าโดยสาร Hvalfjarðar (Miðar í Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดค่าโดยสาร Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 580 โครนุร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót)

ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสเต็มอัตราคือ จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน) และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน จำนวนของเงินโบนัสจะมากหรือน้อยนั้น ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน ที่สำนักงาน Eining -Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้ และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12 วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้ หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน (เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่) หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออก

Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



Alþýðusamband Íslands

AÐALBAKARINN ehf.

Aðalgötu 28 · 580 Fjallabyggð
Sími: 467 1720
elin.b@simnet.is



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR



Þú kallum okkur líka



Sími 551 1166 - www.bilarogfolk.is



DARRI
Harðfiskverkun
Grenivík

Deloitte.
www.deloitte.is

EIMSKIP
Yfir hafð og heim



Fjallabyggð

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI v/MYRARVEG · 600 AKUREYRI · SÍMI 462-6099



GÁMAÞJÓNUSTA
NORÐURLANDS EHF.
BÆTT UMHVÆFI · BETRI FRAMTÍÐ



www.glofi.is

GÚMMÍVINNSLAN
www.gv.is

HAGSMÍÐI
TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
Sími 893 5840



Óseyri 22 · 603 Akureyri · Sími 462 1751 · Fax 461 1164



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni



LÖGMANNSSTOFA



-skór í massavís

Glerártorgi - sími 461 3322



SAMHERJI HF



Sími 461 4242



Ferro Zink hf. · www.ferro.is · ferro@ferro.is
Árstíg 6 · 600 Akureyri · sími 460 1500



Stjórnir og nefndir

starfsárið 2010-2011

Í félaginu er 12 manna aðalstjórn og öflugt trúnaðarráð þar sem tryggt er að allir hópar innan félagsins eigi sína fulltrúa. Stjórn félagsins skipa: Formaður, varaformaður, ritari, fimm meðstjórnendur frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar og fjórir fulltrúar starfsgreinadeilda, þ.e. formenn starfsgreinadeildanna þriggja og varaformaður stærstu deildarinnar.

Stjórn Einingar-Íðu

(*kosin til 2012)

Björn Snæbjörnsson, formaður
*Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður
Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari
*Guðrún Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi í Hrísey
*Ingvar Sigurbjörnsson, svæðisfulltrúi á Dalvík
Hafðís Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Ólafsfirði
*Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi á Siglufirði
Marsibil E. Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi
Anna Júlíusdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeildar
Ingvar Kristjánsson, formaður Iðnaðar- og tækjadeildar
Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar
*Kristbjörg Ingólfssdóttir, varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar

Stjórn Iðnaðar- og tækjadeildar

(*kosin til 2012)

Ingvar Kristjánsson, formaður
*Eyþór Karlsson, varaformaður
Sigurður Sveinn Ingólfsson, ritari
Ásgeir Yngvason, meðstjórnandi
Ingvar Sigurbjörnsson, meðstjórnandi
Steindór Sigursteinsson, meðstjórnandi
*Gunnar Magnússon, meðstjórnandi
*Tryggvi Kristjánsson, meðstjórnandi
*Valborg Aðalgeirsdóttir, meðstjórnandi

Stjórn Matvæla- og þjónustudeildar

(*kosin til 2012)

Anna Júlíusdóttir, formaður
*Kristbjörg Ingólfssdóttir, varaformaður
Margrét H. Marvinsdóttir, ritari
Júlíana Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
Magnús Björnsson, meðstjórnandi
Stefán Aðalsteinsson, meðstjórnandi
*Birna Harðardóttir, meðstjórnandi
*Sigríður Jósepsdóttir, meðstjórnandi
*Tryggvi Jóhannsson, meðstjórnandi

Stjórn Opinberu deildar

(*kosin til 2012)

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður
*Ása Margrét Birgisdóttir, varaformaður
Geir Guðmundsson, ritari
Elísabet Skarphéðinsdóttir, meðstjórnandi
Jóhanna Grétarsdóttir, meðstjórnandi
Marsibil E. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
*Ásrún Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
*Eva Ásmundsdóttir, meðstjórnandi
*Ómar Ólafsson, meðstjórnandi

Fulltrúar í stjórn Tjarnargerðis

Aðalmenn:
Guðmundur Björnsson
Ingvar Kristjánsson
Sigurður Randversson
Varamenn:
Geir Guðmundsson
Sigurður Sveinn Ingólfsson

Stjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn:
Sigrún Lárusdóttir, sjálfkjörin
Jakob Tryggvason
Lára Einarsdóttir
Varamenn:
Hulda Einarsdóttir
Sólveig Jónasdóttir
Valborg Aðalgeirsdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Aðalmenn:
Sigríður Jóna Gísladóttir
Sigrún Svava Stefánsdóttir
Tryggvi Kristjánsson
Varamenn:
Dóra Herbertsdóttir
Magnús Björnsson
Sigurjón Þórisson

Stjórn Fræðslusjóðs

Anna Sigríður Pálmadóttir
Birna Harðardóttir
Elísabet Skarphéðinsdóttir
Hanna Eyrún Antonsdóttir
Hilmar Þór Hreiðarsson
Ingibjörg Torfadóttir
Matthías Angantýsson
Þórey Aðalsteinsdóttir

Ritnefnd

Erla Hrund Friðfinnsdóttir
Harpa Hilmarsdóttir
Kristín Anna Gunnólfssdóttir
Sigurjón Þórisson
Tryggvi Jóhannsson

Ferðanefnd

Björn Snæbjörnsson, sjálfkjörinn
Ásdís Hreinsdóttir
Hanna Dóra Ingadóttir
Margrét H. Marvinsdóttir
Róbert Þorsteinsson

Mæðrastyrksnefnd

Aðalmaður:
Jóna Berta Jónsdóttir
Varamaður:
Björg Hansen

Kjörstjórn

Aðalmenn:
Laufey Bragadóttir
Karl Guðmundsson
Varamenn:
Sigurður Randversson
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Skoðunarmenn

Páll Vatnsdal
Inga Vestmann

Varaskoðunarmaður

Ragnhildur Haraldsdóttir

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði eiga sæti 100 manns auk 12 stjórnarmanna, fimm varamanna svæðisfulltrúa og tveggja varamanna starfsgreinadeilda.

Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Hótel KEA
Alda Ásmundsdóttir, Bakkahlíð
Anna Dóra Gunnarsdóttir, Álfasteinn
Arnar Kristjánsson, ÁS pípulagnir
Arnar Þór Arnarsson, Hreint ehf.
Atli Már Rúnarsson, Bakstur ehf.
Auðunn Nielsson, Greifinn
Auður Hallsdóttir, Matur og mörk
Ása Ragnarsdóttir, Stígandi Ólafsfirði
Ásdís Hreinsdóttir,

Heimajónusta Akureyrar
Ásgeir Yngvason, SBA - Norðurleið
Ásrún Ásgeirsdóttir,
Hjúkrunarheimilið Hlíð
Birna Harðardóttir, Norðlenska
Bjarni Hjaltalín, Bústólpi
Bragi Jónsson, Norðlenska
Daði Einarsson, Bryggjan
Dagbjört Óskarsdóttir, ISS Akureyri
Dóra Herbertsdóttir,

Félagsstarfið Víðilundi
Eðvarð Þór Eðvarðsson, Sjallinn
Elísabet Jóhannsdóttir,
Hvammur Hrísey
Elísabet Skarphéðinsdóttir,
Hrafnagilsskóli Eyjafjarðarsveit
Erla Hrunð Friðfinnsdóttir,

Leikskólinn Lundaseli
Eva Ásmundsdóttir, FSA
Eygló Þorsteinsdóttir, Hólmasól
Garðar Vésteinsson, Dekkjahöllin
Geir Guðmundsson, Vegagerð
Gísli W. Birgisson, Norðurorka
Guðbjörg Herbertsdóttir,

Gjögur Grenivík
Guðbjörg Jóhannsdóttir,
Egilssíld Siglufirði
Guðmundur Björnsson, SS Byggir
Guðmundur Guðmundsson,
Securitas

Guðný Aðalsteinsdóttir, VMA
Guðrún Halldórsdóttir,
Siglunes ehf. Siglufirði
Guðrún Lárusdóttir, Dalvíkurskóli
Guðrún Skarphéðinsdóttir, Dalvík
Gunnar Magnússon, Hyrnan

Hallfríður Jóhanna Hallsdóttir,
Sambýli v/Lindargötu Siglufirði
Hanna Dóra Ingadóttir, Leiksk.
Álfaborg Svalbarðsströnd
Hansína Haraldsdóttir, Lundur
Harpa Hilmarsdóttir,
Leikskólinn Króaból
Helga Magnúsdóttir,
Eldhúsið Hjúkrunarh. Hlíð
Hildur Gunnarsdóttir, MA
Hildur Ingvarsdóttir, Sambýli Snægili
Hólmfríður Hreinsdóttir,
Heimajónusta Akureyrar
Hrefna Þorbergsdóttir, Brim Akureyri
Hulda Einarsdóttir, Síðuskóli
Indiana Hjartardóttir, ISS-Hlíð
Ingibjörg M. Ólafsdóttir,
Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar
Ingólfur W. Birgisson, N1 smurstöð
Jakob Tryggvason, Securitas
Jóhanna Grétarsdóttir,
Sambýli Dvergagili 3
Jón Arnar Helgason,
Landflutningar Samskip
Jón Þ. Benediktsson,
Fiskeldi Eyjafjarðar
Jón Þórir Baldursson,
O. Jakobsson Dalvík
Jóna Þorvaldsdóttir,
Skammtímavistun Ak.bær.
Yuri Kravtchouk, Grand Þvottur
Júlíana Kristjánsdóttir, ISS Ísland
Kári Hreinsson, Bás hf.
Vélaleiga og steypustöð
Knútur Gunnar Henrysson,
Malbikun KM
Kristín Anna Gunnólfsdóttir,
Löndun Ólafsfirði
Lára Einarsdóttir, MS Akureyri
Lárus G. Jónsson, Eimskip
Magnús Björnsson, Vífilfell
Margrét H. Marvinsdóttir,
MS Akureyri
Ólafur Theodórsson,
SBA - Norðurleið
Ómar Ólafsson,
Framkvæmdamiðstöð Akureyrar
Patcharee Srikongkaew,
Brim Akureyri
Rannveig Kristmundsdóttir, Glófi
Regína Sigurðardóttir, Norðlenska
Rikki Þór Valsson, Promens Dalvík
Róbert Þorsteinsson, Gjögur Grenivík
Sigríður Gísladóttir, Brim Akureyri
Sigríður Guðmundsdóttir, Ektafiskur
Sigríður Jósepsdóttir, Samherji Dalvík
Sigríður Ólafsdóttir, FSA/Kristnes
Sigrún B. Bjarkadóttir, GV gröfur

Sigrún Svava Stefánsdóttir,
MA Þvottahús
Sigurður Sveinn Ingólfsson,
MS Akureyri
Sigurgeir Sigurðsson, Kaffi Akureyri
Sigurgeir Sigurgeirsson, Slippurinn
Sigurjón Þórisson,
Landflutningar-Samskip
Snorri Snorrason, Becromal
Sólveig Auður Þorsteinsdóttir,
Bautinn
Sólveig Jónasdóttir,
Félagsstarf aldraðra Hlíð
Sólveig Jónsdóttir, Lundaskóli
Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði
Steindór Sigursteinsson, Norðurbík
Steinþór Lúthersson, Brim Akureyri
Svanhildur Sigtryggsdóttir,
Brekuskóli
Sveinn Ævar Stefánsson,
Kjarnafæði Svalbarðseyri
Sæbjörn Jónsson,
Plastiðjan Bjarg/löjulundur
Sæunn Pálmadóttir, Norlandia
Sævar Sigurjónsson, Brim Akureyri
Tryggvi Jóhannsson,
Þrif og ræstivörur
Tryggvi Kristjánsson, Dalverk
Vaka Njálisdóttir, Samherji Dalvík
Valborg Karlsdóttir, Valsárskóli
Svalbarðsstrandarhr.
Valdimar Gunnarsson, Nortek
Viktor Guðbrandsson, Vélsmiðjan
Þorsteinn E. Arnórsson, Eining-löja

Sjálfkjörnir í trúnaðarráð auk stjórnar:

Varaformenn deilda og vara-
svæðisfulltrúar:

Opinbera deild,

Ása Margrét Birgisdóttir,
Frekari liðveislu

Iðnaðar- og tækjadeild,

Eyþór Karlsson, Sagaplast

Dalvík,

Matthías Angantýsson,
Fiskverkun Dagmanns Ingvasonar

Hrísey,

Hanna Eyrún Antonsdóttir,
Ystakletti

Siglufjörður,

Sigrún V. Agnarsdóttir, HS

Ólafsfjörður,

Anna Sigríður Pálmadóttir,
Hafbliki

Grenivík,

Þórey Aðalsteinsdóttir, Grenilundi



SÉREIGNARSÖFN STAPA LÍFEYRISSJÓÐS Í FREMSTU RÖÐ


Séreignardeild Stapa býður upp á þrjú ávöxtunarsöfn, með mismunandi áhættu

Safn I hefur að markmiði að ná öruggri ávöxtun til lengri tíma litið, með hóflegri áhættu. Safnið er að stórum hluta fjárfest í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisskuldabréfum. Fjárfest er í markaðsverðbréfum þannig að ávöxtun safnsins sveiflast í takt við sveiflur á markaði.


Safn II er áhættusamara safn með meiri heimildum til fjárfestinga í hlutabréfum og erlendum verðbréfum. Markmið safnsins er að hámarka ávöxtun til lengri tíma litið. Safnið er fjárfest í markaðsverðbréfum og má búast við nokkrum sveiflum í ávöxtun þess.

Safn III er alfarið ávaxtað í innlánum. Það er áhættuminnsta safnið þar sem sveiflur í ávöxtun eru í lágmarki. Ávöxtun safnsins mun að mestu taka mið af breytingum á verðbólgu og vaxtakjörum innlánsstofnana.


Afkoma allra safnanna var góð á árinu 2009. Nafn- og raunávöxtun safna Séreignardeildar var sem hér segir:



Söfn I og II hafa verið starfrækt síðan 1999, en Safn III var sett á stofn 2008. Ávöxtun safna I og II sl. fimm ár var sem hér segir:



Eignasamsetning safnanna var sem hér segir í árslok 2009:



Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins: www.stapi.is

